





Snjóflóð á Íslandi veturinn 2014–2015

Óliver Hilmarsson

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2014–2015

Óliver Hilmarsson, Veðurstofu Íslands

Lykilsíða

Skýrsla nr.: VÍ 2016-008	Dags.: Október 2016	ISSN: 1670-8261	Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2014–2015		Upplag: 40 Fjöldi síðna: 77	
		Framkvæmdastjóri sviðs: Theódór F. Hervarsson	
Höfundar: Óliver Hilmarsson		Verkefnisstjóri: Harpa Grímsdóttir	
		Verknúmer: 4351-0-0001	
Gerð skýrslu/verkstig:		Málsnúmer:	
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
<p>Útdráttur: Veturinn 2014–2015 var nokkuð erilsamur fyrir snjóflóðavakt Veðurstofunnar. Haustið var óvenju hlýtt og lítill snjór var í fjöllum á landinu í byrjun desember eftir hlýjasta nóvember frá upphafi mælinga. Þá tók við stormasamur vetur og allmörg illviðri gengu yfir landið. Hættustig með tilheyrandi rýmingu húsnæðis var sett á sjö sinnum þennan vetur og í öll skiptin á Vestfjörðum. Á Norðurlandi var snjódýpt í meðallagi miðað við síðustu vetur og þar var aldrei lýst yfir óvissustigi eða hættustigi. Sömu sögu var að segja af Austurlandi en þar var lítill snjór ofan byggða þennan vetur. Einu sinni var þó sett á óvissustig vegna mögulegrar skriðuhættu í Stórskríðnadal. Flestar snjóflóðaskráningar eru á Vestfjörðum og þar lokuðust vegir oft vegna snjóflóða en nokkur snjóflóð féllu einnig á vegi á Norðurlandi. Útivistarfólk komst í hann krappann eins og undanfarna vetur og slasaðist einn maður alvarlega í snjóflóði. Annars voru minniháttar meiðsl á fólki og lítið eignartjón þennan vetur.</p>			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóða- aðstæður, snjóflóðasprenningar, snjó- dýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjó- flóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll.		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: 	
		Undirskrift verkefnisstjóra: 	
		Yfirfarið af: SG	

Efnisyfirlit

TÖFLUSKRÁ.....	5
MYNDASKRÁ.....	6
1. INNGANGUR	7
2. TÍÐARFAR VETURINN 2014 – 2015	7
3. SNJÓFLÓÐAYFIRLIT OG VÖKTUN SNJÓFLÓÐAHÆTTU	9
3.1 Yfirlit yfir helstu atburði vetrarins.....	9
3.2 Helstu hrinur vetrarins	14
3.3 Snjókýptarmælingar.....	14
3.4 Skráning snjóflóða	17
3.5 Óvissustig og rýmingar	18
3.6 Snjóflóð á vegi	19
3.7 Fólk í snjóflóðum.....	21
4. HELSTU SNJÓFLÓÐ VETRARINS.....	23
4.1 Ólafsfjarðarmúli 28. október.....	25
4.2 Fífladalagil á Siglufirði 12. desember.....	27
4.3 Blikdalur 11. janúar.....	28
4.4 Stakkaneshryggur 18. janúar.....	29
4.5 Patreksfjörður 25. febrúar	31
4.6 Eldborgargil í Bláfjöllum 26. febrúar	33
4.7 Tálknafjörður 10. mars.....	35
HEIMILDIR.....	37
VIÐAUKI I. SKRÁÐ OFANFLÓÐ VETURINN 2014–2015	39

Töfluskra

Tafla 1. Helstu snjóflóðahrinur vetrarins.	14
Tafla 2. Óvissustig veturinn 2014–2015	18
Tafla 3. Rýmingar veturinn 2014–2015.	19
Tafla 4. Ofanflóðaskráningar á vegi veturinn 2014–2015.	19
Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2014–2015..	22

Myndaskrá

Mynd 1. Uppsetning á SM4 mæli í Ólafsfjarðarmúla.....	9
Mynd 2. Snjóflóðið í Geitárhorni ofan Tálknafjarðar 10. mars	12
Mynd 3. Snjódýpt í Seljalandsshlíð í Skutulsfirði.....	15
Mynd 4. Snjódýpt í Hafnarfjalli ofan við Siglufjörð	16
Mynd 5. Snjódýpt í Bjólfinum ofan við Seyðisfjörð	17
Mynd 6. Fjöldi skráðra snjóflóða eftir landsvæðum veturinn 2014–2015.....	18
Mynd 7. Mismunandi nákvæmni á útlínum snjóflóða.....	23
Mynd 8. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Ólafsfjarðarmúla.....	25
Mynd 9. Tunga flóðsins í Ólafsfjarðarmúla 28. október.....	26
Mynd 10. Upptakasvæði flóðsins í Ólafsfjarðarmúla 28. október.....	26
Mynd 11. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Fífladalagili.....	27
Mynd 12. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Blikdal.....	28
Mynd 13. Veðuraðdragandi snjóflóðsins við Stakkaneshrygg.....	29
Mynd 14. Útlínur snjóflóðsins við Stakkaneshrygg	30
Mynd 15. Brotstálsgrýfja af flóðinu við Stakkaneshrygg.....	30
Mynd 16. Annað skíði mannsins sem lenti í flóðinu við Stakkaneshrygg.....	30
Mynd 17. Veðuraðdragandi snjóflóðsins á Patreksfirði.....	31
Mynd 18. Útlínur snjóflóðsins í Urðunum ofan við Patreksfjörð.....	32
Mynd 19. Tunga snjóflóðsins á Patreksfirði	32
Mynd 20. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Eldborgargili í Bláfjöllum.....	33
Mynd 21. Snjóflóðið í Eldborgargili í Bláfjöllum	34
Mynd 22. Flóðtungan á flóðinu í Eldborgargili	34
Mynd 23. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Eldborgargili í Bláfjöllum.....	35
Mynd 24. Flóðtungan á snjóflóðinu úr Geitárhorni	36
Mynd 25. Snjóflóðið í Geitárhorni ofan Tálknafjarðar.....	36

Forsíðumynd: Skafrenningur í Geitárhorni ofan Tálknafjarðar 26. febrúar 2015.
Ljósmynd: Ásgeir Jónsson.

1. Inngangur

Annáll þessi nær yfir öll skráð snjóflóð frá 1. september 2014 til 31. ágúst 2015 og þau skriðuföll sem fréttist af um veturinn. Annállinn nær ekki yfir skriður sumarsins. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð.

Í annálnum er farið yfir tíðarfar vetrarins, helstu snjóflóð og snjóflóðahrinur, óvissustig og rýmingar, lokanir á vegum, tjón og fleira. Nokkur snjóflóð eru tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í viðauka er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í gagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

2. Tíðarfar veturinn 2014–2015

Veðurstofa Íslands gefur árlega út Veðráttuna, yfirlit um tíðarfar hvers mánaðar og árs og er þessi kafli að miklu leyti samantekt á því efni en með áherslu á veðurþætti sem tengjast snjóflóðum.

2.1 Stutt yfirlit

Haustið var nokkuð hagstætt og óvenju hlýtt framan af. Lítil snjór var í fjöllum á landinu fram í lok nóvember en síðan tók við snjópungt tímabil. Veturinn var óvenju umhleypingasamur, illviðri voru tíð og úrkomur miklar. Tímabilið frá fyrsta vetrardegi 25. október 2014 til 23. apríl 2015 var ívið kaldara um landið sunnan- og vestanvert heldur en að meðaltali síðustu tíu ára, en hiti var hinsvegar yfir þessu meðaltali norðaustanlands. Þennan vetur urðu oft umtalsverðar samgöngutruflanir og foktjón varð í nokkrum illviðranna. Vorið var kalt og snjóá leysti seint.

September. Tíðarfar í september var óvenju hlýtt, sérstaklega norðan- og austanlands þar sem hiti var víða meira en tveimur stigum ofan meðallags síðustu tíu ára og meira en þremur stigum ofan meðalhita 1961 til 1990. Óvenju úrkomusamt var um allt sunnan- og vestanvert landið en fremur þurrt á Norðausturlandi. Snjólaus var til fjalla.

Október. Austlægar og norðlægar áttir voru ríkjandi í mánuðinum, og fremur kalt, en veðurlag var lengst af meinlítið. Norðanáttum fylgdi hríðarveður til fjalla á Norðurlandi og norðanverðum Vestfjörðum með snjósöfnun til fjalla. Úrkoma var víðast hvar nærri meðallagi en heldur yfir því austan- og suðaustanlands. Ausandi rigningu gerði á Austfjörðum í lok mánaðarins.

Nóvember. Austlægar áttir voru ríkjandi lengst af í mánuðinum. Kuldakast gerði í fáeina daga í kringum þann 10., en annars var óvenju hlýtt á landinu öllu og mánuðurinn meðal hlýjustu nóvembermánaða frá upphafi mælinga. Sérlega snjólétt var um land allt í hlýindunum. Fjöll voru nánast orðin snjólaus í lok mánaðarins. Úrkoma var í meðallagi eða undir því víða um vestanvert landið en suðaustan- og austanlands var úrkomusamt.

Desember. Mánuðurinn var fremur kaldur og undir meðallagi síðustu tíu ára um land allt. Landsmeðalhiti í byggð var undir frostmarki lengst af en síðustu dagar ársins voru hlýir. Nokkuð umhleypinga- og illviðrasamt var og úrkoma víðast yfir meðallagi. Norðlægar áttir voru algengari heldur en suðlægar í mánuðinum og var snjór einnig meiri en að jafnaði í

desember. Að tiltölu var úrkoman einna mest um miðbik Norðurlands. Snjóþyngra var í mánuðinum um land allt en meðaltal árunna 1961 til 1990.

Janúar. Mánuðurinn var kaldur og hiti undir meðallagi síðustu tíu ára alls staðar á landinu en víðast hvar yfir meðallagi árunna 1961 til 1990. Nokkuð úrkomusamt og umhleypingar um nær allt land en þó ekki mörg stórvíðri. Snjóþyngra var í mánuðinum um land allt en að meðaltali árunna 1961 til 1990.

Febrúar. Vindáttir voru óstöðugar í mánuðinum en suðlægar áttir voru þó ríkjandi fyrstu 11 dagana. Stormasamt var með köflum en mestur vindur var í sunnan- og suðvestanáttum dagana 6. til 10. febrúar. Mánuðurinn var kaldur miðað við það sem algengast hefur verið í febrúar á seinni árum og var hitinn undir meðallagi síðustu tíu ára alls staðar á landinu, og undir meðallagi árunna 1961 til 1990 um landið sunnan- og suðvestanvert og víða vestanlands. Úrkomu- og umhleypingasamt var um nær allt land. Veðurlag var nokkuð stórgert og meðalvindhraði óvenjuhár. Oft urðu samgöngutruflanir vegna hríðarbylja, einkum á fjallvegum. Snjóalög voru í meðallagi norðanlands en ofan meðallags sunnanlands.

Mars. Mánuðurinn var illviðra- og úrkomusamur, sérstaklega um landið sunnan- og vestanvert. Mun skárri tíð var norðaustan- og austanlands. Veðurlag var stórgert og meðalvindhraði óvenjuhár. Oft urðu samgöngutruflanir vegna hríðarbylja, einkum á fjallvegum. Fokkskaðar urðu víða, sérstaklega í óvenjuhörðu sunnanveðri þann 14. Snjóalög voru í meðallagi norðanlands en ofan meðallags sunnanlands.

Apríl. Mjög kalt var fyrstu tvo daga mánaðarins og sömuleiðis í síðustu vikunni. Tíð var lengst af hagstæð um landið norðaustan- og austanvert, en þótti síðri í öðrum landshlutum. Úrkomusamt var norðan til á Vestfjörðum og sums staðar norðanlands en úrkoma var í meðallagi um landið suðvestan- og vestanvert. Ekki snjóaði mikið að magni til lengst af, en þó snjóaði óvenjumikið sums staðar austanlands síðustu daga mánaðarins. Meðalvindhraði var óvenjumikill, 1,6 m/s ofan við meðallag. Þetta er mesti meðalvindhraði sem vitað er um í apríl, komst næst þessu í apríl 2011 og 1953, en hafa verður í huga að óvissa er nokkur í þessum landsmeðaltölum.

Mái. Kalt var á landinu í maí og voru norð- og norðaustlægar áttir ríkjandi. Fyrstu tvær vikurnar voru sérlega kaldar en síðari hluta mánaðarins var tíðin skárri. Að tiltölu var hlýjast á Austfjörðum en sérstaklega kalt var á hálendinu þar sem snjóa leysti lítt eða ekki. Mjög þurrt var fram eftir mánuði um landið vestanvert, en talsverð úrkoma var þá á Austfjörðum. Síðari hluta mánaðarins var úrkoma jafndreifðari um landið en endaði samt nokkuð undir meðallagi á Suðvestur-, Vestur- og Norðvesturlandi.

3. Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

3.1 Yfirlit yfir helstu atburði vetrarins

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði vetrarins eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum snjóflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekin fyrir frá september til maí.

September

Vegna hlýinda byrjaði ekkert að snjóa í fjöll að ráði í september og engin snjóflóð skráð þann mánuðinn. Mánuðurinn var einnig rólegur með tilliti til skriðufalla.

Október

Veturinn gerði vart við sig í byrjun mánaðarins með norðanátt og hríðarveðri á Vestfjörðum og Norðurlandi og var fyrsta snjóflóð vetrarins skráð 4. október í Böggvisstaðafjalli við Dalvík.

Norðlægar áttir héldu áfram eftir miðjan mánuðinn með snjósöfnun á Vestfjörðum og Norðurlandi og fóru flóð að falla á Tröllaskaga undir lok mánaðarins, þar á meðal á Ólafsfjarðarveg þannig að hann lokaðist. Vegna þess hve lítil snjór var í fjöllum kom á óvart að svo stórt flóð skyldi falla í Múlanum. Til þess að bæta vöktun fyrir veginn var settur upp snjódýptarmælir í farvegi 38 í lok október.



Mynd 1. Uppsetning á SM4 mæli í Ólafsfjarðarmúla. Gestur Hansson snjóathugunar- maður á Siglufirði flytur mælinn að upptakasvæði farvegs 38.

Þann 31. gekk austan hvassviðri yfir landið með ausandi rigningu á Austfjörðum og flæddu lækir og ár víða yfir bakka sína. Nokkuð breið aurskriða féll í Bleiksárhlið ofan byggðar á Eskifirði og einnig féll aurskriða yfir tún skammt frá Borgarfirði Eystri. Tók sú skriða í sundur ljósleiðara sem liggur frá Eiðum til Borgarfjarðar og varð bærinn sambandslaus um tíma.

Nóvember

Fremur tíðindalítið var fyrri hluta mánaðarins en helgina 15–16. nóvember voru miklar rigningar á Austfjörðum. Nokkur snjór var í fjöllum ofan við miðjar hliðar sem varð til þess að leysingarvatn bættist við úrkomuna og féllu nokkrar litlar aurskriður, flestar á svæðinu umhverfis Seyðisfjörð. Víða voru tún á floti og fóru nokkrir sveitavegir í sundur auk þess sem

mikið var í ám og lækjum. Eftir úrkomu og hlýindi voru fjöll að mestu snjólaus upp í fjallatoppa það sem eftir var mánaðarins.

Ákveðið var að lýsa yfir óvissustigi þann 24. vegna mögulegrar skriðuhættu í gilinu ofan við Geitavík 1 og 2 og Skriðuból í Stórskriðnadal. Talsverð hreyfing hafði mælst á lausum jarðlögum en fylgst hefur verið með þessu svæði um nokkurt skeið. Húsin í Stórskriðnadal eru notuð sem frístundahús og fjárhús en mælst var til þess að fólk væri ekki í þessum húsum á meðan óvissustigið stóð yfir.

Í lok mánaðarins kom austan hvassvirði með hlýindum og rigningu sem náði þó aðeins inn á Suðurland. Bakvakt var gengin vegna mögulegrar skriðuhættu undir Eyjafjöllum en þetta veður olli engum vandræðum.

Desember

Fyrsta alvöru óveður vetrarins skall á 9. desember. Veðurspár gerðu ráð fyrir norðaustan ofsa- eða fárviðri með talsverðri ofankomu fljótlega eftir hádegi á norðanverðum Vestfjörðum. Veðrið átti svo að færa sig austur á bóginn og yfir Norðurland. Á Vestfjörðum breyttist veðrið á örfáum mínútum frá því að vera heiður himinn og nánast logn yfir í stórhrið. Ákveðið var að loka veginum um Súðavíkurhlíð strax kl. 17:00. Fljótlega eftir miðnætti féll stórt snjóflóð á veginn um Súðavíkurhlíð sem var um 2–3 m þykkt á vegi. Veðrið hélt áfram daginn eftir og var ákveðið að lýsa yfir óvissustigi fyrir norðanverða Vestfirði að morgni 10. desember. Reitur 9 í Skutulsfirði var rýmdur í kjölfarið en þar er atvinnuhúsnaði. Veður tók að versna á Norðurlandi þann 10. en varð þó ekki eins slæmt og á Vestfjörðum.

Mörg snjóflóð eru skráð þessa daga, flest á Vestfjörðum. Súðavíkurhlíð lokaðist vegna snjóflóðs og snjóflóð féll úr Skollahvilft og yfir veg sem kom vel fram á radar, sem staðsettur er á varnargarðinum. Snjóflóð féllu einnig yfir vegi í Dýrafirði, Hestfirði, Önundarfirði, Fnjóskadal og á Raknadalshlíð. Á Siglufirði féll snjóflóð í Fífladalagili og staðnæmdist á varnargarðinum fyrir ofan bygðina.

Norðanáttir og illviðri héldu áfram með stuttum hléum fram að jólum en án teljandi vandræða. Nokkur snjóflóð féllu á þekktum stöðum á Vestfjörðum og Norðurlandi og nokkrar smáspýjur á Austfjörðum. Tiltölulega meinlaust veður var seinni hluta desembermánaðar.

Janúar

Rólegt var á vaktinni fyrri hluta janúar. Þann 11. lentu tveir björgunarsveitarmenn í tveimur snjóflóðum í Esjunni. Bárust mennirnir nokkurn spöl með flóðunum en sluppu annars með minniháttar meiðsl.

Um miðjan mánuðinn voru N- og NA-áttir algengar og flóð tóku að falla á Vestfjörðum og Norðurlandi. Stórt flóð féll í Selabólsturð í Önundarfirði þann 14. sem fór yfir veginn til Flateyrar og í sjó fram. Sama dag féll snjóflóð í Geitárhorni fyrir ofan Tálknafjörð og stöðvaðist um 40 m fyrir ofan vatnstankinn. Norðanáttir héldu áfram 15.–16. janúar en snérust meira til vesturs með hvössum vindi og mikilli ofankomu. Óvissustig var sett á fyrir norðanverða Vestfirði og í kjölfarið var ákveðið að rýma atvinnuhúsnaði á reit 9 á Ísafirði í annað sinn þennan vetur. Að morgni 17. fór veðrið að ganga niður á Vestfjörðum og mokstursmenn fóru að vinna sig í gegnum fjölda flóða sem féllu á Súðavíkurhlíðina um nóttina. Sum flóðanna voru stór og nokkra metra þykk á veginum en Súðavíkurhlíðin er sérlega viðkvæm fyrir NV-áttum.

Nokkur snjóflóð féllu einnig á Norður- og Austurlandi þessa daga en almennt sluppu þessi svæði betur við veðrið. Á Austurlandi var mikill skafrenningur til fjalla í hvassri vestanátt og

féll flekaflóð á skíðasvæðinu í Stafdal, í gili fyrir sunnan neðri skíðalyftuna. Á Norðurlandi voru nokkur flóð skráð á svæðinu í kringum Dalvík.

Þessi hrina gekk yfir Vestfirði frá fimmtudegi til föstudags og við tók mjög gott útivistarveður á laugardagi og sunnudegi. Veikleikar voru enn í nýja snjónum og sunnudaginn þann 18. brast flekaflóð undan tveimur fjallaskíðamönnum þegar þeir gengu á fjallaskíðum upp Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Barst annar mannanna með flóðinu og slasaðist talsvert. Veikleikinn í snjónum var greinilega mikill því á mánudag þann 19. tóku náttúruleg flóð aftur að falla víða á Vestfjörðum um leið og hlýnaði í veðri.

Frekar tíðindalaust var á vaktinni það sem eftir var janúarmánaðar.

Febrúar

Þann 8. gekk mikið vatnsveður með hlýindum yfir Vestfirði. Miklar leysingar fylgdu veðrinu og ollu vatnsflóð talsverðum skemmdum og eignatjóni á Ísafirði þegar vatn flæddi inn í hús og kjallara á Ísafirði. Gamli vegurinn um Óshlíð var illa farinn eftir aurskriður og vatnsflóð og nokkrar aurskriður féllu yfir vegi á sunnanverðum Vestfjörðum.

Febrúar var lengst af laus við aftaka snjóflóðaveður en undir lok mánaðarins gengu tvö austan- og norðaustan illviðri yfir landið með tilheyrandi fannfergi, snjóflóðum, lokunum á vegum og rýmingum á húsum. Í síðara veðrinu féll flóð úr Urðum sem er svæði fyrir ofan byggðina á Patreksfirði. Flóðið féll mjög fljótlega eftir að veðrið skall á og ekki komnir nema 8 mm í úrkomumæla á Patreksfirði. Kom það á óvart að svo stórt flóð skyldi falla svo snemma í veðrinu eftir ekki meiri úrkomu. Flóðið fór niður yfir svæði í bænum þar sem engin hús eru. Þetta gat í byggðinni kemur til vegna þess að snjóflóð eru þar nokkuð tíð og því hafa ekki verið reist þar hús. Flóðið lenti hinsvegar á bíl við íbúðargötu og færði hann úr stað, og jaðar flóðsins fór upp á miðja bílskúrshurð við íbúðarhús.

Í kjölfarið var lýst yfir hættustigi fyrir Patreksfjörð með rýmingu á reit 4 og einnig sett á óvissustig fyrir sunnanverða Vestfirði. Um kvöldið var ákveðið að rýma til viðbótar reit 10 og hluta af húsum á reit 5 á Patreksfirði. Á Tálknafirði var reitur 9 rýmdur sem er undir Geitárhorni. Vindur snerist svo meira til norðurs eins og spáin gerði ráð fyrir og áframhaldandi norðan illviðri var á Vestfjörðum næstu tvo sólarhringa. Óvissustig var einnig sett á fyrir norðanverða Vestfirði þann 26. en ekki kom til rýminga. Rýming á Patreksfirði og Tálknafirði var aflétt að morgni 27.

Mikið bætti á snjó á Vestfjörðum í þessu veðri og féll fjöldi snjóflóða á svæðinu. Einnig féllu snjóflóð í öðrum landshlutum og má nefna allstórt snjóflóð sem féll undan vélsleðamanni í Bláfjöllum en náði hann að keyra undan flóðinu. Á facebook síðunni „Snjóflóðatilkynningar“ var tilkynnt um stórt og sérkennilegt snjóflóð í Morsárjökli.

Snjóflóð eru skráð nánast alla daga mánaðarins.

Mars

Fyrsta óveður mánaðarins skall á þann 4. með ofankomu og hvössum vindi á Vestfjörðum en úrkoma var minni á Norðurlandi og Austfjörðum. Á sunnanverðum Vestfjörðum var komið leiðinda veður strax um morguninn. Talsvert hafði bætt á snjó dagana á undan og var óvissustig sett á fyrir sunnanverða Vestfirði. Klukkan 15:30 var ákveðið að setja á hættustig fyrir Patreksfjörð og rýma reit 4 í annað sinn á einni viku. Fljótlega tóku flóð að falla við Patreksfjörð og féll nokkuð breiður fleki í manngerðri brekku ofa við varnargarðinn við Klif en fór stutt. Einnig féll flóð yfir veginn undir Raknadalshlíð sem gerist oft á vetri. Þetta veður gekk þó tiltölulega

hratt yfir og rýmingu var aflétt daginn eftir og óvissustig einnig tekið af. Á Norðurlandi var mun minni úrkoma en mikill lausasnjór var í fjöllum sem fór á hreyfingu í skafrenningi og féllu snjóflóð í kjölfarið víða á Tröllaskaga og einnig í fjöllum austan Eyjafjarðar.

Þann 10. gekk austan- og suðaustan hvassviðri aftur yfir Vestfirði með snjókomu og skafrenningi. Þetta veður stóð stutt yfir og skapaði ekki hættu í byggð en snjóflóð féllu á hefðbundnum stöðum eins og Raknadalshlíð, Kirkjubólshlíð og Súðavíkurlíð. Að morgni 11. kom í ljós að flóð hafði fallið í Geitárhorni ofan byggðar í Tálknafirði og staðnæmst í skógræktinni. Flóðið féll kvöldið áður þegar veður var mjög slæmt en lítil úrkoma hafði mælst. Flóðið fór óvenju langt sem kom heldur á óvart miðað við aðstæður en það stöðvaðist þó vel ofan byggðar og ógnaði henni ekki. Flóðtungan var blaut þar sem hún kom niður og hefur flóðið líklega farið frekar hægt yfir.



Mynd 2. Snjóflóðið í Geitárhorni ofan Tálknafjarðar 10. mars. Þykk flóðtunga og rastir eru merki um að flóðið hafi verið blautt og farið hægt yfir.

Stund milli stríða var dagana 11.–12. mars. Mikill snjór var á Vesturlandi á þessum tíma og mjög slæm veðurspá í kortunum. Höfðu íbúar áhyggjur af snjóalögum og kögglarúlli ofan við íbúðarhús á Grundarfirði og eins ofan við heilsugæsluna á Ólafsvík. Farið var yfir stöðuna með heimamönnum og að þrátt fyrir mikil snjóþyngsli væru stoðgrindurnar ofan við heilsugæsluna á Ólafsvík ekki á kafi nema að litlum hluta og því lítil hætta á stórum flóðum neðan þeirra.

Í ljósi mjög slæmrar veðurspár fyrir 13. og sérstaklega 14. mars var vatnavakt Veðurstofunnar fengin með á fund ofanflóðavaktar. Spáð var sunnan fárviðri með hlýindum og mikilli úrkomu og því talin full ástæða til að meta hættu á aurskriðu og krapaflóðum á landinu. Óvissustigi var lýst yfir bæði á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum seinnipart 13. mars með varúðarorðum um að vot flekaflóð gætu byrjað að falla þar sem vindfleki væri til staðar og eins að hætta gæti skapast á krapaflóðum þar sem leysing væri mikil. Í varúðarskygni var snjó rutt úr vatnsfarvegum sem liggja í gegnum byggðina á Patreksfirði til að greiða fyrir leysingavatni og minnka líkur á að hætta skapaðist af völdum krapaflóða. Að morgni 14. mars kom í ljós nokkuð myndarlegt flekaflóð í norðurhlíð Bakkahyrnu ofan Hnífsdals. Þetta flóð nam staðar vel fyrir ofan byggðina. Hættustigi var lýst yfir fyrir reit 4 í Holtahverfi og húsin Kjarrholt 1–5 rýmd sem ekki eru varin af þvergarðinum. Hættustigi var aflýst um 18:30 sama dag.

Á Austurlandi var mikið vatnsveður og talsverð leysing og var fylgst vel með aðstæðum. Engir stóratburðir tengdir ofanflóðum urðu þó og hefur tiltölulega lítill snjór í neðri hluta fjalla eflaust hjálpað til.

Í þessu veðri mældist fárviðri í byggð á mörgum stöðum sem er óvenjulegt. Víða urðu fokskaðar og til að mynda brotnaði fjöldinn allur af rafmagnsstaurum í Tungudal og Dýrafirði. Flestar snjóflóðaskráningar eru frá Vestfjörðum og Norðurlandi þar sem veður var kaldara en annars staðar.

Þann 25. mars barst tilkynning um sprungur í Ketubjörgum á Skaga og ljóst að berghrunshætta væri á svæðinu. Fjöldi ferðamanna á svæðinu hefur stórauðist síðustu ár og voru Almannavarnir látnar vita af yfirvofandi hruni.

Eftir miðjan mánuðinn var veður mun skaplegra. Talsvert bætti á snjó á Norðurlandi og var mikil lausamjöll í fjöllum í lok mánaðarins. Þann 31. féll flóð úr Miðstrandagili milli Strákaganga og Siglufjarðar og festist bíll uppá flóðinu. Sama dag féll snjóflóð á veginn um Fjarðarheiði skammt frá afleggjaranum að Skíðasvæðinu í Stafdal og lokaði honum.

Apríl

Nokkuð rólegt var á vaktinni fyrstu vikuna í apríl. Engin stórviðri en talsverð snjócoma og skafrenningur var til fjalla á Norðurlandi. Nokkrar spýjur og smá snjóflóð voru skráð þessa fyrstu viku, aðalega á Norðurlandi en einnig nokkur flóð í Bláfjöllum og Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði.

Síðbúið Páskahret gerði 11. apríl en þá kom skammvinn norðan- og norðaustanátt yfir Norðurland og Vestfirði en án teljandi vandræða. Seinna um daginn féllu tvö snjóflóð á veginn um Súðavíkurlíð og lokuðu honum. Sat bíll fastur í öðru þeirra og þurfti að aðstoða fólk úr bílnum. Veginum var í kjölfarið lokað.

Tvo snjóflóð voru skráð á skíðasvæðinu í Bláfjöllum sem hafa líklega fallið þann 13. eftir austan skafrenning og snjókomu daginn áður. Annað flóðið féll á Suðursvæðinu og náði nokkuð langt inn yfir skíðaleiðir en hitt flóðið féll við Kónginn og náði yfir tengileið frá Tvíburalyftunum. Svæðið var lokað þegar flóðin féllu.

Undir lok mánaðarins minnti veturinn aftur á sig. Norðlægar áttir voru algengar og snjó kyngdi niður á Austfjörðum þannig að þungfært var á láglandi. Éljagangur og skafrenningur var til fjalla á Vestfjörðum og Norðurlandi. Aðfaranótt 27. apríl féll snjóflóð á Súðavíkurlíð sem lokaði veginum. Nær úrkomulaust hafði verið en talsverður norðan skafrenningur um tíma. Á þessum tíma var einnig hvöss norðan- og norðvestanátt á Norðurlandi og eljagangur og féllu nokkur snjóflóð, tvö þeirra nokkuð stór. Annað flóðið féll í Auðbrekkufjalli í Hörgárdal og náði flóðtungan niður á tún og braut girðingar. Ábúendur á Brakanda höfðu á orði að veðrið dagana fyrir flóðið væri dæmigerður veðurádragandi fyrir flóð úr fjallinu. Hitt flóðið féll skammt frá Veisuseli í Fnjóskadal og fór hluti tungunnar yfir veginn. Talsvert af grjóti og drullu barst með þessu flóði.

Mái

Þann 4. maí féll stór skriða í Dyrhólaey á svipuðum slóðum og skriða sem féll vorið 2012.

Austan- og norðaustanáttir voru ríkjandi fyrri hluta mánaðar. Veður var þó tiltölulega meinlítið og engin hætta skapaðist í byggð. Kalt var í veðri og nokkuð bætti á snjó til fjalla á norðanverðum Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum en á þessum árstíma flykkist fólk til fjalla í ýmiskonar útivist. Um miðjan mánuðinn féllu tvö flóð af mannavöldum á Norðurlandi. Annað flóðið fór af stað þegar þrír sleðamenn voru á ferð í Ytrárdal þann 10. og grófst einn mannanna þannig að aðeins höndin var uppúr flóðinu. Skíðamaður setti einnig lítið flekaflóð af stað í Reykjadal daginn eftir. Fréttir bárust frá leiðsögumönnum nokkru síðar um flekaflóð sem höfðu

fallið á Látraströnd á svipuðum tíma. Varasamar aðstæður voru víðar að finna en á Norðurlandi en inn á Facebook síðuna „Snjóflóðatilkynningar“ bárust fréttir um „vúmp“ hljóð og óstöðug snjóalög í Tindfjöllum.

Um miðjan mánuðinn hlýnaði talsvert í veðri og miklar rigningar voru á Suður- og Austurlandi. Talsvert af votum snjóflóðaspýjum sáust í fjöllum en engin hætta skapaðist í byggð.

Vorið kom seint og áfram bætti á snjó til fjalla á Norðurlandi eftir miðjan mánuðinn. Nokkur meðalstór flóð féllu í kjölfarið í fjöllum umhverfis Ólafsfjörð og litlu mátti muna að illa færi þegar skíðamaður setti um 100 m breitt flekaflóð af stað á Látraströnd þegar hann var að skíða niður milli kletta. Hundur barst með þessu flóði en náði að krafla sig úr flóðinu.

3.2 Helstu hrinur vetrarins

Í gagnagrunni Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Þá er átt við mörg snóflóð sem falla í sama veðrinu yfir nokkurra daga tímabil og yfirleitt í sama landshlutanum. Í gagnagrunninum eru skráðar 10 hrinur þennan vetur. Fjöldi flóða í hverri hrinu getur verið talsvert meiri en tafla 1 sýnir, því stundum geta verið nokkur flóð í sömu færslunni og alls ekki öll flóð skráð.

Tafla 1. Helstu snjóflóðahrinur vetrarins.

Tímabil	Svæði	Fjöldi snjóflóða
9–10.12.2014	Norðanverðir Vestfirðir	16
16.12.2014	Patreksfjörður	5
14–17.1.2015	Vestfirðir	25
15–17.1.2015	Svarfaðardalur, Siglufjörður	8
25–28.2.2015	Patreksfjörður, Tálknafjörður og Barðaströnd	12
4–5.3.2015	Vestfirðir	13
10.3.2015	Vestfirðir	12
13–14.3.2015	Vestfirðir	26
4–6.4.2015	Hörgárdalur	6
26–28.4.2015	Upsadalur og Hörgárdalur	6


3.3 Snjódýptarmælingar

Að neðan eru þrjú snjódýptarlínurit frá mismunandi landshlutum sem gefa ágætis mynd af snjósöfnun vetrarins. Um er að ræða snjódýpt sem mæld er á stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð.

Norðanverðir Vestfirðir

Mynd 3 sýnir snjódýpt á fjórum stikum í Seljalandshlíð sem allar eru fyrir ofan leiðigarðinn sem ver Seljalandshverfi. Stikurnar eru ofarlega í hlíðinni og stika „isse04“ er rétt undir fjallsbrúninni. Snjór byrjaði að safnast á stikurnar í október í fremur köldu veðri og ríkjandi norðaustlægum vindáttum. Hlýindin í nóvember koma vel fram en allar stikur í Seljalandshlíð sýna töluverða lækkun um mánaðarmótin nóvember/desember. Snjósöfnun var mun samfelldari


á Vestfjörðum en á Norðurlandi og Austfjörðum þennan vetur þar sem hlýindi og hlákukaflar gerðu minna vart við sig. Þó gerði asahláku 8. febrúar með miklum leysingum en svo tók að kólna á ný með snjósöfnun. Snjómagnt nær hámarki á stikunum um mánaðarmótin janúar/-febrúar en svo sjatnar í snjónum hægt og hægt og er snjódýpt svipuð um miðjan apríl og hún var um miðjan janúar. Vorið var kalt og snjóa leysti seint á norðanverðum Vestfjörðum en mælingar vantar eftir miðjan apríl sem sýna þessa kuldatíð.



Mynd 3. Snjódýpt í Seljalandshlíð í Skutulsfirði. Hæð stika er tilgreind aftan við stikunafn.

Norðurland


Mynd 4 sýnir snjódýpt á níu stikum ofan við byggð á Siglufirði. Allar stikurnar eru í Hafnarfjalli nema stika „sigl10“ sem er í hlíðinni fyrir neðan Hvanneyrarskál. Snjódýpt á stikunum var í meðallagi þennan vetur en snjórinn kom mun seinna og var einnig heldur minni að magni til en síðustu tvo vetur. Smá snjór hafði safnast á nokkrar stikur í október eftir nokkuð kalda tíð og norðaustanáttir. Mælingar vantar í nóvember en lítill sem enginn snjór var í fjöllum á Norðurlandi í lok nóvember eftir mikil hlýindi, en mikið bætti á snjó í desember og hélst sá snjór út veturinn. Lækkunin sem kemur fram á stikum seinni hluta desember er tilkomin vegna hvassra norðaustanáttar sem hafa hreinsað snjó úr hlíðinni. Engar mælingar bárust eftir mánaðarmótin mars/apríl en kalt var í veðri um vorið og snóa leysti seint.



Mynd 4. Snjódýpt í Hafnarfjalli ofan við Siglufjörð. Hæð stika er tilgreind aftan við stikunafn.

Austfirðir

Á Austfjörðum er snjódýpt lesin af stikum fyrir ofan Seyðisfjörð og Neskaupstað. Mynd 5 sýnir snjódýpt í Bjólfinum fyrir ofan Seyðisfjörð sem lýsir ágætlega snjósöfnun á Austfjörðum þennan vetur. Þar mældist enginn snjór í hlíðum svo heitið getur fyrr en í janúar sem er um tveimur mánuðum seinna en síðustu tvo vetur. Mjög snjólétt var í Bjólfinum allan veturinn, umhleypingasamt og rigningar sem sjá má á mæligögnunum. Til samanburðar voru nánast allar stikur komnar á kaf í lok febrúar veturinn áður þegar mikill snjór var til fjalla. Þann vetur komu stikur ekki undan snjó fyrr en um miðjan apríl. Snjó kyngdi niður á Austurlandi í lok apríl sem kemur vel fram á þremur stikum. Svipaða sögu var að segja frá Neskaupstað en þar var mjög lítil snjór í fjöllum fyrir ofan byggðina þennan vetur.




Mynd 5. Snjódýpt í Bjólfinum ofan við Seyðisfjörð. Hæð stika er tilgreind aftan við stikunafn.

3.4 Skráning snjóflóða

Frá 1. september 2014 til 31. ágúst 2015 eru skráð 542 snjóflóð í ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands. Af þessum 542 snjóflóðum eru 126 með útlínur í gagnagrunni Veðurstofunnar. Yfirleitt eru ekki teiknaðar útlínur á „litlum“ snjóflóðum nema að flóðið teljist sérstakt á einhvern hátt.

Flestar snjóflóðaskráningar á hverju ári eru á Vestfjörðum, Norðausturlandi og Austurlandi. Kemur það m.a. til vegna þess að á þessum svæðum eru starfandi snjóathugunarmenn sem fylgjast með og skrá þau snjóflóð sem verða á þeirra svæðum. Mynd 6 sýnir hvernig snjóflóðaskráningar skiptust eftir landssvæðum. Langflestar skráningar eða 252 eru frá Vestfjörðum en á Norðausturlandi eru 153 skráningar og á Austurlandi eru þær 67.



Mynd 6. Fjöldi skráðra snjóflóða eftir landsvæðum veturinn 2014–2015.

3.5 Óvissustig og rýmingar

Óvissustig var sett á sjö sinnum í sex óveðrum sem gengu yfir landið þennan vetur og fjórum sinnum var gripið til rýminga.

Á Austurlandi var þar að auki einu sinni lýst yfir óvissustigi vegna mögulegrar skriðuhættu í gilinu ofan við Geitavík 1 og 2 og Skriðuból í Stórskriðnadal. Ekki var sett á formleg rýming fyrir þessi hús sem eru frístundarhús en mælt var til þess að ekki væri dvalið í þeim á meðan óvissustigið var í gildi. Á norðanverðum Vestfjörðum var fjórum sinnum lýst yfir óvissustigi vegna mögulegrar snjóflóðahættu en einnig krapaflóðahættu í kjölfar mikilla leysinga þann 13. mars. Óvissustig var sett á fyrir sunnanverða Vestfirði í þrjú skipti.

Tafla 2. Óvissustig veturinn 2014–2015.

Svæði	Ástæða	Sett	Aflýst
Austurland	Aurskriðuhætta	2014-11-24 16:30	2014-11-24 16:31
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2014-12-10 09:00	2014-12-11 21:00
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2015-01-16 06:25	2015-01-17 10:15
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2015-02-25 13:40	2015-02-28 09:15
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2015-02-26 07:30	2015-02-27 15:15
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2015-03-04 12:00	2015-03-05 12:00
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóða- og krapaflóðahætta	2015-03-13 16:50	2015-03-14 22:30
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóða- og krapaflóðahætta	2015-03-13 18:00	2015-03-14 22:00

Í sjö skipti þurfti að grípa til rýminga og í öll skiptin á norðan- eða sunnanverðum Vestfjörðum. Á reit 9 á Ísafirði er eingöngu atvinnuhúsnaði og er nokkuð algengt að þessi reitur sé rýmdur. Í öllum öðrum tilfellum var um að ræða íbúðarhúsnaði. Reitur 4 á Patreksfirði var rýmdur nokkuð skyndilega eftir að flóð féll nálægt húsum eftir mjög stuttan veðuradröganda og má lesa nánar um þetta flóð í kaflanaum „Helstu snjóflóð vetrarins“.

Tafla 3. Rýmingar veturinn 2014–2015.

Staður	Hvar	Sett	Aflýst
Ísafjörður	Reitur 9	2014-12-10 14:00	2014-12-11 13:00
Ísafjörður	Reitur 9	2015-01-16 07:00	2015-01-17 08:15
Patreksfjörður	Reitur 4	2015-02-25 14:00	2015-02-27 11:15
Patreksfjörður	Öll hús við Urðargötu á reit 5 og reitur 10	2015-02-25 19:00	2015-02-27 11:15
Tálknafjörður	Reitur 9	2015-02-25 19:00	2015-02-27 09:30
Patreksfjörður	Reitur 4	2015-03-04 15:30	2015-03-05 07:40
Ísafjörður	Kjarrholt 1 – 5 (Reitur 4)	2015-03-14 09:30	2015-03-14 18:30

3.6 Snjóflóð á vegi

Snjóflóðavakt Veðurstofunnar gerir snjóflóðaspá fyrir þrjá vegi á landinu en það er vegurinn um Kirkjubóls- og Súðavíkurhlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Siglufjarðarvegur og vegurinn um Ólafsfjarðarmúla. Talsverð umferð fólks til og frá vinnu og annarra erinda, er um þessa þrjá vegi og eru snjóflóðaspárnar gerðar fyrir Vegagerðina sem metur í framhaldi af því hvort gripið er til ráðstafana.

Á hverju ári falla mörg snjóflóð á vegi landsins og þá sérstaklega á Vestfjörðum þar sem vegir liggja víða um brattar fjallshlíðar. Af 78 ofanflóðum sem féllu á vegi þennan vetur eru 67 á Vestfjörðum. Langflest þessara flóða féllu á Súðavíkurhlíð en einnig féllu mörg flóð á Raknadalshlíð. Tafla 4 sýnir lista yfir þau ofanflóð (snjóflóð, aurskriður og grjóthrun) sem féllu á vegi landsins veturinn 2014–2015 í réttri tímaröð. Heildarfjöldi flóða á Raknadalshlíð er eitthvað meiri en kemur fram, því oft eru nokkur flóð í hverri skráningu. Á Norðurlandi eru það Siglufjarðarvegur og Ólafsfjarðarvegur sem liggur um Ólafsfjarðarmúla sem fá á sig flest snjóflóð. Níu flóð eru skráð í Ólafsfjarðarmúla þennan vetur en aðeins eitt þeirra náði niður á veg. Vegurinn um Dalsmynni í Fnjóskadal fékk á sig eitt stórt flóð þennan vetur. Annað stórt snjóflóð féll innar í Fnjóskadal í lok apríl og puðraðist yfir veginn norðan við Veisusel. Vegurinn lokaðist ekki en flóðið bar með sér mikið magn af grjóti og drullu og er það haft með hér í þessum lista.

Tafla 4. Ofanflóðaskráningar á vegi veturinn 2014–2015. Ekki er tiltekin stærð á aurskriðum Farvegir merktir með stjörnu eru ekki skilgreindir í ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar.

Flóð	Dagsetning	Stærð	Farvegur	Lýsing
52423	28.10.2014	3	Ólafsfjarðarvegur farv. 38	Vott flekahlaup
52439	2.12.2014	2	Hrafnseyrarheiði, Dýrafjarðarmegin	Þurrt flekahlaup
52440	2.12.2014	2	Hrafnseyrarheiði, Dýrafjarðarmegin	Þurrt flekahlaup
52446	8.12.2014	2	Patreksfjörður, Ósafjörður	Snjóflóð
52447	8/9.12.2014	2	Patreksfjörður, Raknadalshlíð	Snjóflóð
52448	8/9.12.2014	2	Patreksfjörður, Vatneyri	Snjóflóð
52479	9–12.12.2014	3,5	Dalsmynni í Fnjóskadal, Strjúgsgil	Flekahlaup
52450	10.12.2014	3	Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	Þurrt flekahlaup
52454	10.12.2014	3	Önundarfjörður, Breiðadalssstigi	Þurrt flekahlaup
52455	10.12.2014	3	Dýrafjörður, Hjarðardalsgil	Þurrt flekahlaup

Framhald á næstu síðu.

Flóð	Dagsetning	Stærð	Farvegur	Lýsing
52453	10.12.2014	3	Flateyri, Skollahvilft	Þurrt flekahlaup
52458	10/11.12.2014	2,5	Ísafjarðardjúp, Hestfjörður	Þurrt flekahlaup
52463	10/11.12.2014	2,5	Önundarfjörður, Bjarnadalur vestanverður	Þurrt flekahlaup
52464	14.12.2014	2,5	Síglufjarðarvegur, Mánárskriður	Þurrt flekahlaup
52468	16.12.2014	3	Patreksfjörður, Raknadalshlíð	Flekahlaup
52469	16.12.2014	2	Patreksfjörður, Raknadalshlíð	Flekahlaup
52472	17.12.2014	1	Síglufjarðarvegur, Miðstrandargil	Þurrt flekahlaup
53468	22.12.2014	1,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	Vott flekahlaup
52512	11/12.01.2014	2	Patreksfjörður, Ósafjörður	Þurrt flekahlaup
52513	11/12.01.2014	2	Patreksfjörður, Raknadalshlíð	Þurrt flekahlaup
52514	14.1.2015	3,5	Selabólsurð, undir Urðarskál	Þurrt flekahlaup
52517	15.1.2015	2	Ytri-Kirkjubólshlíð	Þurrt flekahlaup
52519	15.1.2015	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 2	Þurrt flekahlaup
52520	15.1.2015	2,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 6	Þurrt flekahlaup
52521	16.1.2015	2,5	Selabólsurð, undir Urðarskál	Þurrt flekahlaup
52528	16.1.2015	2,5	Skutulsfjörður, Eyrarhlíð 12	Þurrt flekahlaup
52875	16/17.1.2015	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 4	Þurrt flekahlaup
52876	16/17.1.2015	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 5	Þurrt flekahlaup
52877	16/17.1.2015	2,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7	Þurrt flekahlaup
52878	16/17.1.2015	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 9	Þurrt flekahlaup
52879	16/17.1.2015	2,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 10	Þurrt flekahlaup
52880	16/17.1.2015	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 11	Þurrt flekahlaup
52881	16/17.1.2015	2,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	Þurrt flekahlaup
52882	16/17.1.2015	2,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 17	Þurrt flekahlaup
52883	16/17.1.2015	3	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	Þurrt flekahlaup
52884	16/17.1.2015	2,5	Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	Þurrt flekahlaup
52885	16/17.1.2015	3	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	Þurrt flekahlaup
52798	16/17.1.2015	2	Skötufjörður	Þurrt flekahlaup
52537	17.1.2015	1,5	Síglufjarðarvegur, Mánárskriður	Þurrt flekahlaup
52549	17.1.2015	1,5	Síglufjarðarvegur, Landsendi	Þurrt flekahlaup
52536	17.1.2015	2	Síglufjarðarvegur, Miðströnd	Þurrt flekahlaup
52539	19.1.2015	2,5	Patreksfjörður, Raknadalshlíð	Flekahlaup
52540	19.1.2015	2	Önundarfjörður, Þorfinnur	Þurrt flekahlaup
52558	24.1.2015	1,5	Patreksfjörður, Raknadalshlíð	Snjóflóð
52559	24/25.1.2015	2,5	Patreksfjörður, Ósafjörður	Flekahlaup
52588	2.2.2015	2,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 20	Þurrt flekahlaup
52595	3.2.2015	1,5	Patreksfjörður, Vatnsdalsskriður*	Snjóflóð
52618	8.2.2015	2	Barðaströnd, Gufudalssveit	Krapaflóð
52613	8.2.2015		Mjóifjörður	Grjóthrun
52615	8.2.2015	1,5	Reykhólasveit	Krapaflóð
51585	8.2.2015		Barðaströnd, Múlasveit	Aurskriða
52612	8.2.2015		Barðaströnd, Gufudalssveit	Aurskriða
52617	8.2.2015	3	Barðaströnd, Múlasveit	Krapaflóð
52637	23.2.2015	1	Patreksfjörður, Raknadalshlíð	Snjóflóð
52648	25/26.2.2015	2	Önundarfjörður, Breiðadalur	Þurrt flekahlaup

Framhald á næstu síðu.

Flóð	Dagsetning	Stærð	Farvegur	Lýsing
53231	25/26.2.2015	3	Dýrafjörður, Breiðhilla	Þurrt flekahlaup
53244	25/26.2.2015	2	Súgandafjörður sunnanverður	Þurrt flekahlaup
52799	26.2.2015	2	Skötufjörður	Vott flekahlaup
52804	26.2.2015	2	Hestfjörður	Vott flekahlaup
53159	26.2.2015	2	Súðavíkurhlíð, Innan við Hafnartanga*	Þurrt flekahlaup
53160	26.2.2015	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 2	Þurrt flekahlaup
53161	26.2.2015	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7	Þurrt flekahlaup
53162	26.2.2015	1,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 8	Þurrt flekahlaup
53163	26.2.2015	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 9	Þurrt flekahlaup
53164	26.2.2015	1,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 10	Þurrt flekahlaup
53165	26.2.2015	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	Þurrt flekahlaup
53166	26.2.2015	1,5	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	Þurrt flekahlaup
53167	26.2.2015	2	Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	Þurrt flekahlaup
53169	26.2.2015	3	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	Þurrt flekahlaup
52670	26/27.2.2015	1,5	Önundarfjörður sunnanverður, Ófæruhlíð	Þurrt flekahlaup
52806	4.3.2015	1,5	Skötufjörður	Vott flekahlaup
52683	4.3.2015	2	Patreksfjörður, Raknadalshlíð	Vott flekahlaup
53245	5.3.2015	1,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	Flekaflóð
53261	10.3.2015	1,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 11	Þurrt flekahlaup
52722	10.3.2015	2	Patreksfjörður, Raknadalshlíð	Flekaflóð
52713	10/11.3.2015	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 4	Snjóflóð
53259	10/11.3.2015	1,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 8	Snjóflóð
52797	31.3.2015	3	Síglufjarðarvegur, Miðstrandargil	Þurrt flekahlaup
52800	31.3.2015	2,5	Seyðisfjarðarbotn, Efristafur	Þurrt flekahlaup
52897	11.4.2015	1,5	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	Þurrt flekahlaup
52845	11.4.2015	1,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 2	Þurrt flekahlaup
52846	11.4.2015	2,5	Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	Þurrt flekahlaup
52864	27.4.2015	2,5	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	Þurrt flekahlaup
52870	27/28.4.2015	3	Fnjóskadalur, Veisusel	Þurrt flekahlaup

3.7 Fólki í snjóflóðum

Eins og undanfarna vetur, þá komst útivistarfólk nokkrum sinnum í hann krappan í tengslum við snjóflóð. 19 snjóflóð eru skráð af mannavöldum þennan vetur. Flest þessara snjóflóða voru lítil og ollu ekki meiðslum á fólki. Þó voru nokkur flóð þar sem fólk slasaðist eða var hætt komið. Tafla 5 sýnir öll flóð þennan vetur af mannavöldum.

Í janúar settu tveir björgunarmenn af stað tvö snjóflóð með stuttu millibili í Blikdal í Esjunni. Síðara flóðið var mun stærra og tognaði annar manna á báðum ökkum í því flóði. Síðar í sama mánuði féll snjóflóð undan tveimur mönnum sem voru að ganga á fjallaskíðum upp á Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Barst annar manna langan spöl með flóðinu og slasaðist talsvert.

Í febrúar féll stórt flekaflóð undan vélsleðamanni í Eldborgargili. Náði maðurinn að koma sér undan flóðinu sem féll niður yfir skíðaleiðir og á einn lyftustaur og ljósastaur sem skekkist.

Þrjú sleðamenn settu af stað stórt snjóflóð í botni Ytri-Árdals á Tröllaskaga í maí. Grófst einn maðurinn en náðu félagar hans að grafa hann upp. Í sama mánuði féll annað stórt flekaflóð undan skíðamanni í Fjörðum þegar hann renndi sér milli kletta.

Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2014–2015. G: Göngumaður, V: Vélsleði, S: Skíðamaður, M: Af mannavöldum – ótilgreint, T: Troðari, R: Snjóruðningstæki.


Númer	Dags	Staður	Stærð	Orsök	Stutt athugasemd
52422	25.10.2014	Rauðisandur og nágrenni	1	G	Snjóathugunarmaður setti lítinn fleka af stað í skafli.
52439	2.12.2014	Hrafseyrarheiði, Dýrafjarðarmegin	2	R	Annað af tveimur flóðum sem féllu á veginn um Hrafsfjarðarheiði þegar snjómoksturstæki var að vinna sig í gegnum skafli á veginum.
52440	2.12.2014	Hrafseyrarheiði, Dýrafjarðarmegin	2	R	Annað af tveimur flóðum sem féllu á veginn um Hrafsfjarðarheiði þegar snjómoksturstæki var að vinna sig í gegnum skafli á veginum.
52494	28.12.2014	Ufsaströnd	2	V	Flekahlaup féll norðantil í fjallsbrún Selhnjúks, líklega af völdum vélsleða.
52509	11.1.2015	Esja	1,5	G	Tveir björgunarsveitarmenn á göngu settu snjóflóð af stað í botni Blikdals og bárust með því stuttan spöl en grófust ekki.
52511	11.1.2015	Esja	2	G	Tveir björgunarsveitarmenn á göngu settu snjóflóð af stað í botni Blikdals og bárust 70-80 m án þess að grafast. Annar maðurinn tagnaði á báðum ökklum.
52541	17.1.2015	Botnsúlur og nágrenni	1	G	Göngumaður setti lítið flóð af stað í skafli í Brynjudal.
52538	18.1.2015	Gleiðarhjalli	2,5	S	Nokkuð þykkur fleki brotnaði undan skíðamönnum efst í gílinu. Einn barst með flóðinu og slasaðist.
52548	19.1.2015	Oddsskarð, skíðasvæði	1	S	Lítið og þunnt flóð fór undan skíðamanni þegar hann stökk fram af klettum.
52594	3.2.2015	Eskifjörður, íbúðarbyggð	1,5	M	Lítið flóð af mannavöldum féll austan við skálina í Svartafjalli.
52317	21.2.2015	Bláfjöll og nágrenni	1	M	Lítill spýja af mannavöldum.
52649	26.2.2015	Bláfjöll, skíðasvæði	3	V	Vélsleðamaður setti nokkuð stórt flóð af stað en komst undan því.
53307	19.3.2015	Bláfjöll, skíðasvæði	2	T	Nokkrir litlir flekar fóru af stað eftir að snjó var ýtt fram af fjallsbrúninni með snjótroðara til að kanna stöðugleikann í snjónum.

Framhald á næstu síðu.

52794	26.3.2015	Skíðadalur	2	S	Flekahlaup, líklega undan skíðamönnum, féll í NV-hlíð Hests í um 700 m hæð.
52803	31.03.2015	Oddsdalur	1,5	V	Lítið flóð féll í Svartafjalli, líklega af völdum vélsleða.
52893	10.5.2015	Árdalur	3	V	Vélsleði setti af stað flekahlaup í botni Ytri-Árdals í ASA-hlíð. Einn maður grófst en var bjargað af félögum sínum.
52896	11.5.2015	Reykjadalur	1	S	Skíðamaður setti af stað lítið flekaflóð í botni Reykjadal á Tröllaskaga en grófst ekki.
52931	22.5.2015	Seljalandshlíð	1	S	Lítill spýja fell undan skíðamanni í Hrafnagili.
52932	22.5.2015	Í Fjörðum	2,5	S	Skíðamaður renndi sér milli kletta og þá brast um 180 m breiður og um 0,5 m þykkur fleki, í V-hlíð.
52947	28.5.2015	Ufsaströnd	1	S	Skíðamenn renndu sér niður bratt S-vísandi gil og þá lullaði undan þeim vott lausaflóð.
52964	11.6.2015	Súgandafjörður, norðanverður	1	S	Lítið lausaflóð féll undan skíðamanni ofarlega í Kistufelli í Botnsdal.

4. Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda tjóni teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hinsvegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð er tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.




Mynd 7. Mismunandi nákvæmni á útlínum snjóflóða.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem voru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðuraðdragandanum. Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað þar sem snjóflóðið féll vegna áhrifa frá landslagi, fjarlægð veðurstöðva frá

viðkomandi flóði o.fl. Fjalllendi hefur mikil áhrif á vindstyrk og vindátt og þess vegna eru þessir veðurþættir oft sóttir í veðurstöðvar sem geta verið í talsverðri fjarlægð frá flóðinu. Landslag og fjöll hafa einnig mikil áhrif á úrkoma og má gera ráð fyrir að úrkoma hafi verið talsvert meiri á upptakasvæðum flóðanna en línuritin sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er það teiknað sem græn lóðrétt lína. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er tímabilið sýnt sem grænt bil.

4.1 Ólafsfjarðarmúli 28. október

Númer	52423
Dags	28.10.2014
Tími	10:23
Stærð	3
Tegund	Vott flekahlaup
Hæð upptaka	610 m
Hæð stöðvunarst.	105 m
Meðalbreidd tungu	40 m
Meðalþykkt tungu	3 m




Snjóflóð féll á Ólafsfjarðarveg í farvegi 38 skömmu fyrir hádegi þann 28. október. Flóðið var um 6 m þykkt á vegi og bar með sér töluvert af grjóti. Rutt var í gegnum flóðið um kl 13:00 og vegurinn opnaður með varúðarorðum.

Við nánari skoðun kom í ljós að nyrst í upptakasvæði farvegarins var um 1 m þykkt brotstál sem þynntist suður eftir. Brotstál sást einnig niður norðurbarminn og köggladreif á klettanefi efst í gilinu. Flekinn efst í gilinu var um 30 m breiður. Það virðist því hafa verið talsverður skafsniör í norðurhluta gilsins sem hefur gefið sig. Mjög algengt er að flóð falli í þessu gili og ákveðið var í samráði við Vegagerðina að setja upp sjálfvirkan snjódýptarmæli ofarlega í gilinu til að fá betra mat á snjóflóðahættu í þessu gili.

Veðuraðdragandi

Talsverð úrkoma, eða um 70 mm, mældist á Ólafsfirði í tvo sólarhringa áður en flóðið féll. Í Grímsey var vindur fyrst norðvestanstæður en snérist síðar í norðaustanátt og má reikna með að vindur hafi verið svipaður til fjalla í Ólafsfjarðarmúla.



Mynd 8. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Ólafsfjarðarmúla. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Ólafsfirði og vind í Grímsey dagana fyrir flóð.

Myndir af flóðinu í Ólafsfjarðarmúla 28. október.



Mynd 9. Tunga flóðsins í Ólafsfjarðarmúla 28. október. Flóðið bar með sér talsvert af grjóti og drullu og var tungan nokkuð þykk á veginum.



Mynd 10. Upptakasvæði flóðsins í Ólafsfjarðarmúla 28. október. Lítill snjór var í fjöllum en nokkur skafsnjór hafði safnast norðanmegin í gilinu.

4.2 Fífladalagil á Siglufirði 12. desember


Númer	52466
Dags	12.12.2014
Tími	Óþekktur
Stærð	2
Tegund	Þurrt flekahlaup
Hæð upptaka	340 m
Hæð stöðvunarst.	90 m
Meðalbreidd tungu	85 m
Meðalþykkt tungu	Óskráð



Snjóflóð féll í Fífladalagili ofan Siglufjarðar 12. desember og stöðvaðist á varnargarði nr. 4 sem nefndur er Skálarrípill. Flóðið átti upptök efst í Fífladalagili og flæddi uppúr gilfarveginum að norðan. Flóðið steiptist á veginn sem er ofan við garðinn og stöðvaðist svo á garðinum á um 50 metra kafla. Um tvo metra vantaði upp á að flóðið næði upp á topp garðsins og köstuðust snjókögglar yfir hann á nokkrum kafla. Holrúm í rorum á grindverki sem er ofaná varnargarðinum þökkuðust af snjó og því líklegt að kóf og kögglar hafi farið í gegnum grindverkið. Steinar fundust einnig fyrir neðan garðinn sem mjög líklega hafa borist með þessu flóði. Töluverð snjódyngja sat eftir á veginum ofan garðsins. Flóðið braut upplýsingaskilti sem var við veginn að upptakastöðvirkjunum og lúpínuleifar fundust ofarlega á garðinum og við grindverkið.

Veðuraðdragandi


Veðurstöðin í Grímsey sýnir að NA-átt var ríkjandi í tvo sólarhringa áður en flóðið féll. Á Siglufirði mældist um 10 mm úrkoma með þessari NA-átt en einnig snjóaði talsvert í skamman tíma í suðlægum áttum rétt áður en NA-áttin skall á.



Mynd 11. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Fífladalagili. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Siglufirði og vind í Grímsey dagana fyrir flóð.

4.3 Blikdalur 11. janúar

Númer	52511
Dags	11.1.2015
Tími	21:00
Stærð	2
Tegund	Þurrt flekahlaup
Hæð upptaka	Óskráð
Hæð stöðvunarst.	Óskráð
Meðalbreidd tungu	Óskráð
Meðalþykkt tungu	Óskráð




Þann 11. janúar voru björgunarsveitir kallaðar út í leit að manni sem var í sjálfhældu innst í Blikdal í Esjunni. Haft var samband við snjóflóðavaktina til að fá upplýsingar um snjóflóðahættu á svæðinu og vegna mikils nýsnævis og skafrennings var snjóflóðahætta metin töluverð þó ekki væru miklar upplýsingar um snjóalög á svæðinu.

Maðurinn sem leitað var að hafði gefið upp nákvæma staðsetningu. Tveir björgunarsveitarmenn fóru af stað á vélsléðum og komust langleiðina að manningnum en fóru fótgangandi síðasta spölinn. Þegar þeir fíkrúðu sig að manningnum fór flekaflóð af stað og bárust þeir með því stuttan spöl en grófust ekki. Ákveðið var að halda áfram og komu þeir manningnum áfallalaust úr fjallinu. Þegar björgunarmennirnir sóttu sleðana sem voru ofarlega í brekkunni fór hinsvegar annað mun stærra flóð af stað. Bárust þeir með því 70–80 metra en grófust ekki. Menningirnir voru með mannbrodna þegar þeir lentu í flóðinu og tognaði annar þeirra á báðum ökklum.

Veðuraðdragandi


Veðurgögn frá Reykjavík og Skálafelli sýna að líklega hefur snjóað talsvert í SV-átt 7. janúar og svo mælist áfram úrkoma næstu fjóra daga í hægum vindi. Þann 11. jókst vindur jafnt og þétt og var orðinn um 20 m/sek í Skálafelli um það leyti sem flóðið féll.



Mynd 12. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Blikdal. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu í Reykjavík og vind í Skálafelli dagana fyrir flóð.

4.4 Stakkaneshryggur 18. janúar

Númer	52538
Dags	18.1.2015
Tími	16:30
Stærð	2,5
Tegund	Þurrt flekahlaup
Hæð upptaka	440 m
Hæð stöðvunarst.	59 m
Meðalbreidd tungu	60 m
Meðalþykkt tungu	0,6 m




Sunnudaginn 18. janúar settu tveir fjallaskíðamenn af stað flóð þegar þeir gengu á fjallaskíðum upp Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Mjög gott útivistarveður var þessa helgi en vonsku veður hafði verið dagana á undan með mikilli snjósöfnun.

Voru mennirnir komnir upp undir klettana undir Gleiðarhjalla, og sikk-sökkuðu upp í efsta hluta Stakkagils (Keilugils) sem er beint fyrir ofan Stakkaneshrygg, þegar þeir heyrðu vúmp hljóð og sáu að öll brekkan var komin á hreyfingu fyrir ofan þá. Voru þeir nokkurn veginn í miðju gilinu en snéru í sitt hvora áttina þegar þeir hlupu af stað til að koma sér undan flóðinu. Sá sem fór úteftir rétt slapp, grúfði sig niður og fékk köggla yfir sig. Sá sem fór inneftir lenti í flóðinu og barst með því um 4–500 m. Hann endaði í útjaðri flóðsins og grófst ekki, en slasaðist hinsvegar talsvert á handlegg, hálsi og höfði. Flóðið var víðast hvar 40–70 cm þykkt en var um metri þar sem það var þykkast. Flóðið klofnaði um Stakkaneshrygginn en innan við hann var töluverður flóðasnjór. Barst maðurinn niður þá leiðina sem verður að teljast lán í óláni því þar er tiltölulega lítið um stórgrýti. Nær miðju flóðsins er talsverð urð og stórgrýti sem er hluti af Stakkaneshryggnum.

Veðuraðdragandi

Á Ísafirði mældist tæplega 20 mm úrkoma 14–16. janúar í NV–NA vindáttum. Veðrið gekk niður 17. janúar og við tók hæglætis veður og froststilla þann 18. þegar flóðið féll.



Mynd 13. Veðuraðdragandi snjóflóðsins við Stakkaneshrygg. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Ísafirði og vind á Þverfjalli dagana fyrir flóð.


Ljósmyndir af flóðinu við Stakkaneshrygg undir Gleiðarhjalla 18. janúar.



Mynd 14. Útlínur snjóflóðsins við Stakkaneshrygg. Upptök snjóflóðsins voru efst í gili sem er neðan við Gleiðarhjalla og ofan við Stakkaneshrygg. Mennirnir voru við neðri brún klettanna þegar flóðið fór af stað svolítið fyrir ofan þá.




Mynd 15. Brotstálsgrýfja úr flóðinu við Stakkaneshrygg. Örn Ingólfsson gerir samþjöppunarpróf í brotstálinu sem var nokkuð þykkt efst í gili.



Mynd 16. Annað skíði mannsins sem lenti í flóðinu við Stakkaneshrygg. Skíðið fannst tveimur dögum seinna svolítið utan og neðan við staðinn þar sem maðurinn stöðvaðist.

4.5 Patreksfjörður 25. febrúar

Númer	52640
Dags	25.2.2015
Tími	13:00
Stærð	3
Tegund	Þurrt flekahlaup
Hæð upptaka	270 m
Hæð stöðvunarst.	10 m
Meðalbreidd tungu	100 m
Meðalþykkt tungu	Óskráð




Flóðið féll 25. febrúar, yfir íbúðagötu á Patreksfirði. Engin hús eru á þessu svæði vegna þess að snjóflóð eru þar nokkuð tíð. Flóðið lenti hinsvegar á bíl við Urðargötu 23 og færði hann úr stað. Jaðar flóðsins fór einnig upp á miðja bílskúrshurð við íbúðarhús og skemmdi járngrindverk. Flóðið var nokkuð stórt og um 80 m breitt og 1 m þykkt við íbúðagötuna en breiðara og þykkara ofar í hlíðinni. Flóðið féll mjög fljótlega eftir að austan stormur skall á. Ekki voru komnir nema 8 mm í úrkomumæla á Patreksfirði þegar flóðið féll og hefur dýpri veikleiki í snjónum líklega verið þess valdandi að svo stórt flóð féll svona snemma í veðrinu eftir ekki meiri úrkomu.

Um leið og fréttist af flóðinu í Urðunum var lýst yfir hættustigi á Patreksfirði og reitur 4 rýmdur. Um kvöldið var ákveðið að rýma einnig reit 10 og hluta af húsum á reit 5.

Veðuraðdragandi

Áhugavert er að skoða veðurgögn fyrir þetta flóð. Eins og sjá má var úrkomubakkinn rétt kominn inn á Patreksfjörð þegar flóðið féll og meiri snjó hefur þurft til að búa til flóð af þessari stærð. Þann 18. mældist um 40 mm úrcoma á Patreksfirði í SA-átt og kalt tímabil í kjölfarið hefur mjög líklega myndað veikleika í þessum snjó sem síðan hefur gefið sig þegar nýr snjór bættist ofaná.



Mynd 17. Veðuraðdragandi snjóflóðsins á Patreksfirði. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Patreksfirði og vind á Kleifaheiði dagana fyrir flóð.

Myndir af flóðinu á Patreksfirði 25. febrúar.




Mynd 18. Útlínur snjóflóðsins í Urðunum ofan við Patreksfjörð. Flóðið féll í upphafi veðursins og mikið var búið að snjóa og fenna yfir flóðtunguna og brotstálið þegar myndin var tekin.



Mynd 19. Tunga snjóflóðsins á Patreksfirði. Myndin var tekin að kvöldi 25. febrúar og er horft eftir Urðargötu til suðurs. Húsið fyrir miðri mynd er Urðargata 23 þar sem flóðið fór upp að bílskúrshurð og færði bíl úr stað.

4.6 Eldborgargil í Bláfjöllum 26. febrúar


Númer	52649
Dags	26.2.2015
Tími	10:30
Stærð	3
Tegund	Þurrt flekahlaup
Hæð upptaka	600 m
Hæð stöðvunarst.	490 m
Meðalbreidd tungu	160 m
Meðalþykkt tungu	Óskráð



Maður setti af stað stórt snjóflóð í Eldborgargili í Bláfjöllum þegar hann ók á vélsleða um svæðið. Náði maðurinn að koma koma sér undan flóðinu sem rann niður að lyftunni sem tengir saman Eldborgargil og Kóngsgil. Flóðið fór að hluta til yfir skíðaleiðina sem liggur meðfram lyftunni og lenti á einum lyftustaur og ljósastaur sem skekkist. Svæðið var lokað en mildi var að sá sem ók sleðanum barst ekki með flóðinu sem var breitt og með þykkt brotstál og tungu sem hefði auðveldlega getað grafið fólk.

Veðuraðdragandi

Langvarandi austan- og norðaustanátt var búin að vera í Bláfjöllum, kalt í veðri og lítilsháttar úrkoma. Daginn áður en flóðið féll bætti verulega í úrkomu í stífri SA-átt og mældust um 60 mm í Bláfjöllum. Blint var og skafrenningur samfara þessari SA-átt en um það leyti sem flóðið féll hafði lægt og birt til. Brotstálsgrýfja sýndi að undir flekanum sem fór voru kantaðir kristallar ofaná skel en kristallarnir hafa eflaust myndast í talsverðu frosti sem var dagana á undan flóðinu.



Mynd 20. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Eldborgargili í Bláfjöllum. Línuritinn sýna hitastig, úrkomu og vind í Bláfjöllum dagana fyrir flóð.

Myndir af flóðinu í Eldborgargili 26. febrúar




Mynd 21. Snjóflóðið í Eldborgargili í Bláfjöllum. Myndin er tekin nálægt upptökunum á flóðinu og horft niður í áttina að tengilyftunni. Ljósmynd: Árni Alfreðsson



Mynd 22. Flóðtungan á flóðinu í Eldborgargili. Flóðið var vel þykk neðst í giliinu og lenti meðal annars á ljósastaur sem skekkdist. Ljósmynd: Árni Alfreðsson.

4.7 Tálknafjörður 10. mars


Númer	52723
Dags	10.3.2015
Tími	20:00
Stærð	2,5
Tegund	Vott flekahlaup
Hæð upptaka	300 m
Hæð stöðvunarst.	35 m
Meðalbreidd tungu	40 m
Meðalþykkt tungu	1,5 m



Um kvöldið 10. mars féll snjóflóð úr Geitárhorni við Tálknafjörð og stöðvaðist í skógræktinni ofan byggðar. Slæmt veður var á Tálknafirði þegar flóðið féll en lítil úrkoma mældist. Flóðið fór óvenjulangt, sem kom heldur á óvart miðað við aðstæður. Það stöðvaðist þó vel ofan byggðar og ógnaði henni ekki. Flóðtungan var blaut þar sem hún kom niður og hefur flóðið líklega farið frekar hægt yfir. Flekinn sem fór af stað var ekki þykkur en víðáttumikill og hljóp úr nær öllum austurvæg skálarinnar.

Veðuraðdragandi

Viðvarandi SV- og SA-áttir, éljagangur og skafrenningur var dagana áður en flóðið féll. Það kólnaði nokkuð 9–10. mars en síðan snögghlýnaði með lítilsháttar rigningu skömmu áður en flóðið féll.



Mynd 23. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Eldborgargili í Bláfjöllum. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Tálknafirði og vind á Hálfán dagana fyrir flóð.

Myndir af flóðinu í Geitárhorni við Tálknafjörð 10. mars



Mynd 24. Flóðtungan á snjóflóðinu úr Geitárhorni. Flóðið stöðvaðist í skógræktinni fyrir ofan byggðina.



Mynd 25. Snjóflóðið í Geitárhorni ofan Tálknafjarðar. Brotstálið náði yfir allan austurvæng skálarinnar. Flóðið var vott sem sést á háum röstum og þykkri flóðtungu.

Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Trausti Jónsson (2015). Tíðarfarsyfirlit 2014 og 2015. Sótt 18.8.2016 af

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2014> og

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2015>

Bloggsíða snjóflóðavaktar VÍ: <http://blog.vedur.is/snjoflod/>

Snjóflóðatilkynningar. <https://www.facebook.com/groups/129168050599372/>

Viðauki I. Skráð ofanflóð veturinn 2014–2015

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll flóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2013–2014. Listinn inniheldur einnig öll flóð sem fallið hafa á vegakerfið og eru skráð í gagnasafn Vegagerðarinnar á Vestfjörðum og Norðurlandi. Eins mæla snjóathugunarmenn Veðurstofunnar oft flóð sem falla á vegi í nágrenni við byggð. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð; G=grjóthrun; A=aurskriða. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhaus og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2014/2015

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Mosfellsbær	14/15.12.2014	52465	F/1	-/30/1	Lítið flóð sem fór yfir gönguleið frá Skarhólabraut uppá Lágafellshamar.
Esja	11.1.2015	52511	F/2		Tveir björgunarsveitarmenn settu snjóflóð af stað í botni Blikdals og bárust 70–80 m án þess að grafast. Annar maðurinn tagnaði á báðum ökkulum.
Esja	11.1.2015	52509	F/1.5		Tveir björgunarsveitarmenn á göngu settu snjóflóð af stað í botni Blikdals og bárust með því stuttan spöl en grófust ekki.
Bláfjöll og nágrenni	12.1.2015	52510	F/1	-/50/0.5	Um 50 m breiður fleki féll frá fjallsbrún niður í miðja hlíð, norðan skíðasvæðis.
Hellisheiði og Ölfus	15/16.1.2015	52542	F/2		Lítið flekafloð féll á vinnuveginum fyrir Hellisheiðavirkjun.
Botnsúlur og nágrenni	17.1.2015	52541	F/1		Göngumaður setti lítið snjóflóð af stað í skafli í Brynjudal.
Drottningargil í Bláfjöllum	23/24.1.2015	52568	F/1	-/-/0.7	Spýja féll í Drottningargili norðan við Bláfjallaskála.
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	23/24.1.2015	52567	F/1	-/-/1	Spýja féll í hvílt sunnan Suðursvæðis við gönguskíðabraut.
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	26.1.2015	52582	F/1		Hengjuhrun við Þrengslin. Stærstu blokkirnar stöðvuðust um 40 m frá gönguskíðabraut.
Bláfjöll og nágrenni	27.1.2015	52583	F/1		Nokkrar litlar spýjur féllu á Bláfjallasvæðinu.
Bláfjöll og nágrenni	1.2.2015	52591	F/1		Mörg lítil flekafloð féllu á Suðursvæðinu með upptök í hengjum.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Bláfjöll og nágrenni	2.2.2015	52590	F/1		Lítill spýja féll í SA-hlíð Suðursvæðisins (ekki á skíðasvæðinu).
Bláfjöll - skíðasvæði	14.2.2015	53158	Fv/1.5		Nokkur lítil vot flekafloð í Drottningargili, Eldborgargili og norðan við skíðaskálan á Framsvæðinu.
Drottningargil í Bláfjöllum	16.2.2015	52633	F/1.5	-/-/0.8	Lítið snjófloð féll neðst í Drottningargili.
Bláfjöll - skíðasvæði	17.2.2015	51082	F/1.5	-/25/-	Lítið snjófloð féll í Þrengslunum við göngubrautina í Bláfjöllum.
Bláfjöll - skíðasvæði	17/18.2.2015	50974	F/1.5		Lítið snjófloð í hvílt ofan við lyftuna Mikka-Ref.
Drottningargil í Bláfjöllum	18/19.2.2015	51083	Fv/1	-/10/1	Hengjuhrun í Drottningargili í Bláfjöllum.
Bláfjöll og nágrenni	21.2.2015	52317	F/1		Lítill spýja féll af mannavöldum í Bláfjöllum.
Bláfjöll - skíðasvæði	24/25.2.2015	52645	F/1.5		Nokkur lítil snjófloð féllu í stífri austan- og suðaustanátt á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.
Sólskinsbrekkan, frá Kóngi suður fyrir æfingarbakka	25.2.2015	52715	S	-/40/0.4	Lítið flekafloð féll í Sólskinsbrekku í Bláfjöllum.
Sólskinsbrekkan, frá Kóngi suður fyrir æfingarbakka	26.2.2015	52786	S	-/20/0.2	Lítið flekafloð féll í Sólskinsbrekku í Bláfjöllum.
Bungan í miðju Eldborgargili	26.2.2015	52649	F/3	-/160/-	Vélsleðamaður setti nokkuð stórt flóð af stað í Eldborgargili en komst undan því. Flóðið lenti á lyftustaur og ljósastaur sem skekktist.
Kleifarvatn og nágrenni	1/2.3.2015	52688	F/1		Nokkur lítil flóð norðan við Kleifarvatn.
Kleifarvatn og nágrenni	6-8.3.2015	52737	F/1		Flekafloð féll milli Lönguhlíðar og Grindarskarða.
Skálafell, vestan skíðalyftu	8.3.2015	52738	F/1		Lítill spýja féll í brekku sem er fyrir neðan skíðasvæðið í Skálafelli.
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	14.3.2015	52788	S/1.5	-/25/-	Lítið flóð féll í Þrengslunum við gönguskíðabrautina í Bláfjöllum.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Bláfjöll og nágrenni	14–16.3.2015	52770	Fv/2.5	–/150/–	Vott flekaflóð féll í SV-hlíðum Víflsfells, í dalnum inn af skátaskálanum.
Hvilftir ofan við skíðaleiðir úr Framlyftunni	15.3.2015	52790	S/1.5	–/20/0.7	Lítið flóð féll í hvilftinni ofan við Beygjulyftuna í Bláfjöllum.
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	15.3.2015	52789	S/1	–/10/–	Lítið flóð féll í Þrengslunum við gönguskíðabrautina í Bláfjöllum.
Brekkurnar norðan Draumadals, allt að Rauðuhnjúkum	16.3.2015	52791	S/2	–/50/0.8	Vott flekaflóð féll í brekkunum norðan Draumadalagils.
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	19.3.2015	52787	S/1.5	–/20/0.5	Lítið flóð féll í Þrengslunum við gönguskíðabrautina í Bláfjöllum.
Bungan frá Sólskinsbrekku að Gosanum	19.3.2015	53307	Fv/2		Nokkrir litlir flekar fóru af stað eftir að snjó var ýtt fram af fjallsbrúninni ofan við Sólskinsbrekku með snjótroðara til að kanna stöðugleikann í snjónum.
Brekkurnar norðan Draumadals, allt að Rauðuhnjúkum	19.3.2015	52785	S/1	–/25/0.4	Vott flekaflóð féll í brekkunum norðan Draumadalagils.
Brekkurnar norðan Draumadals, allt að Rauðuhnjúkum	19.3.2015	52783	F/2	–/100/1	Vott flekaflóð féll í brekkunum norðan Draumadalagils.
Bláfjöll og nágrenni	27.3.2015	52802	S/1.5	–/60/–	Lítið flekaflóð á Bláfjallasvæðinu.
Bláfjöll og nágrenni	27.3.2015	52801	S/1.5	–/150/–	Hengjuhrun og lítið flóð í Rauðuhnjúkum í Bláfjöllum.
Stór hvilft efst í Eldborgargili	2–5.4.2015	52840	Fv/1.5	–/10/0.5	Lítið vott flekaflóð féll í hvilft við Beygjulyftu.
Norðan Eldborgargils	2–5.04.2015	52838	Fv/1.5		Lítið vott flekaflóð norðan Eldborgargils.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Bláfjöll, brúnir frá Kóngsgili að Suðurgili	2–5.04.2015	52837	Fv / 1.5		Nokkur lítil vot flekaflóð á Suðursvæðinu í Bláfjöllum.
Bláfjöll - skíðasvæði	2–5.4.2015	52841	Fv / 2.5	– / 120 / 1	Vott flekaflóð við gönguskíðabrautina í Bláfjöllum (Þrengslin).
Sólskinsbrekkan, frá Kóngi suður fyrir æfingarbakka	9.4.2015	52836	F / 1	– / 10 / –	Mörg lítil flekaflóð á Suðursvæðinu í Bláfjöllum.
Bungan frá Sólskinsbrekku að Gosanum	10.4.2015	52834	F / 1		Lítið flekaflóð féll í brúninni ofan við Suðurgil.
Bláfjöll - skíðasvæði	13.4.2015	52863	Fv / 2	– / 40 / –	Vott flekaflóð féll syðst á Suðursvæðinu í Bláfjöllum. Flóðið fór langt niður í skíðaleiðir.
Bláfjöll - skíðasvæði	13.4.2015	52862	Fv / 2	– / 40 / –	Vott flekaflóð féll rétt suðvestan við endastöð Kóngslyftu í Bláfjöllum.
Ólafsvík					
Tvísteinahlíð	14.2.2015	52627	Fv / 1.5		Lítill fleki fór af stað skammt austan við upptakastöðvirkin sem eru ofan við heilsugæsluna á Ólafsvík.
Reykhólasveit					
Reykhólasveit	8.2.2015	52615	K / 1.5	– / 50 / 2	Stór skriða við klett í Kollafirði.
Barðaströnd					
Barðaströnd	15–21.12.2014	52485	S / 2		Tvö snjóflóð féllu á Barðaströnd.
Gufudalssveit	7/8.2.2015	52618	K / 2		Krapaflóð lokaði vegi skammt sunnan við Kleifastaðabæinn.
Gufudalssveit	8.2.2015	52614	K / 2.5		Nokkuð stórt krapahlaup féll í Álftadalssá skömmu eftir 14:00. Setti krap og aur upp á brúargólf og gróf úr vegi og frá brúarstöplum. Hluti af varnargörðum hvarf.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Múlasveit	8.2.2015	52617	K/3	-/40/1	Aurflóð/krapaflóð féll rétt fyrir vestan Skálmardalsbæinn sem lokaði vegi.
Barðaströnd	25–27.2.2015	52704	F/2.5		Mörg lítil flóð féllu á Barðaströnd.
Rauðisandur og nágrenni					
Rauðisandur og nágrenni	25.10.2014	52422	F/1	-/15/0.2	Snjóathugunarmaður setti lítinn fleka af stað í skafi.
Rauðisandur og nágrenni	9/10.12.2014	52456	S/2	-/40/1	Nokkrar misstórar tungur ofan við bæinn Melanes. Ábúandi man ekki eftir flóðum á þessum stað áður.
Rauðisandur og nágrenni	24/25.2.2015	52654	Fv/2	-/80/1	Snjóflóð féll yfir Melanesbænum á Rauðasandi. Heimamenn telja þetta stærsta flóð í a.m.k. 40 ár.
Patreksfjörður					
Vatneyri	9.12.2014	52448	S/2	-/3 ^v /–	Nokkur snjóflóð ofan við gamla varnargarðinn í Urðunum. Fyrsta flóð síðan 1958 sem vitað er um svona austarlega.
Brellur	9/10.12.2014	52449	S/1		Margar smáspýjur úr skálinni (Fjósdalur).
Vatneyri	10.12.2014	52452	S/2		Snjóflóð í Hóla- og Miðskorningi sem náðu nokkuð langt.
Vatneyri	16.12.2014	52471	F/2	-/20/–	Nokkuð breitt snjóflóð úr Brellum sem hrúgaðist upp fyrir ofan gamla varnargarðinn.
Vatneyri	19/20.12.2014	52482	Lv/1		Lítill spýja féll í Brellum.
Vatneyri	4.1.2015	52498	Lv/1.5		Mörg smáflóð féllu í skálinni og yfir Urðum og Klifi.
Ofan Sigtúns	15.1.2015	52518	L/1.5	-/10/–	Lítið snjóflóð féll ofan Sigtúns í Brellum.
Vatneyri	19/20.1.2015	52551	Lv/1.5		Margar spýjur féllu í Brellum.
Vatneyri	25.1.2015	52557	F/1.5		Lítið flekafloð féll í Brellum.
Vatneyri	1.2.2015	52616	Lv/1		Þrjár spýjur féllu í Brellum.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Vatneyri	22/23.2.2015	52638	L/1.5		Smá hreyfing á snjó í flestum skorningum í Brellum.
Vatneyri	25.2.2015	52640	F/3	-/100/-	Snjóflóð féll í Brellum og niður fyrir íbúðagötu. Flóðið færði mannlusa bifreið til, skemmdi járngrindverk og lagðist uppáð bílskúrshorni við Urðargötu 23.
Miklidalur	25/26.2.2015	52652	F/3	-/120/1.5	Snjóflóð féll í Mikladal við Vatnsveitukofann. Flóðið lenti á tveimur rafínustaurum sem stóðust álagið. Með lengri skráðum flóðum á þessum slóðum.
Ofan Sigtúns	25/26.2.2015	52651	S/1.5	-/10/-	Margar spýjur í Brellum.
Geirseyrargil	25/26.2.2015	52650	F/2		Snjóflóð í Geirseyrargili. Nokkuð stórt flóð fyrir þennan farveg.
Vatneyri	27.2.2015	52667	F/2		Tvö flóð í Brellum.
Klif	4.3.2015	52682	F/2	-/250/1	Um 40 cm þykkt flekafloð féll í manngerðri brekku ofan við varnargarðinn við Klif.
Litlidalur	4.3.2015	52684	F/2.5	-/50/-	Snjóflóð féll á óvenjulegum stað úr öxlinni milli Eyvarardals og Litladals.
Vatneyri	9.3.2015	52710	L/1		Fjöldi lítilla lausafloða úr Skálinni.
Geirseyrargil	10.3.2015	52728	F/2	-/-/1	Spýja féll í Geirseyrargili.
Miklidalur	10-15.3.2015	52727	Fv/3		Þrjú myndarleg flóð austanmegin í Mikladal.
Litlidalur	13.3.2015	52747	Fv/2	-/20/-	Nokkur smáflóð féllu austanmegin í Litladal.
Brellur	13/14.3.2015	52743	F/1.5		Lítið snjóflóð féll í miðri skálinni í Fjósadal.
Vatneyri	14.3.2015	52746	Fv/2.5		Myndarlegt snjóflóð féll úr miðri skálinni í Brellum.
Patreksfjörður, utan þéttbýlis					
Ósafjörður	8.12.2014	52446	S/2		Snjóflóð féll á veginn sem liggur uppá Kleifaheiði og lokaði honum. Þjörgunarsveit í útkalli þurfti frá að hverfa.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Raknadalshlíð	8/9.12.2014	52447	S / 2		Smáspýjur á Raknadalshlíð.
Patreksfjörður suðaustanverður	15/16.12.2014	52496	Fv / 2		Snjóflóð féll í suðaustanverðum Patreksfirði.
Ósafjörður	15/16.12.2014	52495	F / 2		Nokkur lítil snjóflóð féllu yst á Skápadalshlíð.
Raknadalshlíð	16.12.2014	52468	F / 3	- / 300 / 2	Stórt flóð yfir veginn og úti sjó á Raknadalshlíð. Flóðið var um 300 m breitt en gæti hugsanlega hafa verið nokkrar gusur.
Raknadalshlíð	16.12.2014	52469	F / 2		Óvenju mörg og stór flóð á Raknadalshlíð sem náðu vegi og nokkur yfir veg. Um 25 flóð.
Ósafjörður	19/20.12.2014	52480	Fv / 2	- / 20 / -	Snjóflóð féll utarlega í Skápadalsmúla.
Raknadalshlíð	20.12.2014	52481	Fv / 2		Nokkur flóð innanlega á Raknadalshlíð, þrjú náðu vegi en lokuðu honum ekki.
Raknadalshlíð	29.12.2014	52497	Fv / 2		Snjóflóð féll á Raknadalshlíð. Breikkuð vatnstrás tók við öllu flóðinu.
Raknadalshlíð	11/12.1.2014	52513	F / 2	- / - / 1.5	Snjóflóð lokaði veginum um Raknadalshlíð, spólkorn fyrir innan Deildargil.
Ósafjörður	11/12.1.2014	52512	F / 2	- / 15 / 1	Snjóflóð lokaði veginum úr Ósafirði uppá Kleifaheiði. Þykkt flóðsins var um 1 m á vegi.
Flöskuhlíð	14.1.2015	52516	F / 1.5		Fimm lítil snjóflóð féllu fyrir innan skógræktina í Flöskuhlíð.
Raknadalshlíð	19.1.2015	52539	F / 2.5	- / 50 / 1.5	Snjóflóð lokaði veginum um Raknadalshlíð. Flóðið var um 50 m breitt.
Raknadalshlíð	24.1.2015	52558	S / 1.5		Fjögur flóð féllu á Raknadalshlíð. Þrjú af þeim fóru inná veg.
Ósafjörður	24/25.1.2015	52559	F / 2.5	- / 30 / 1.5	Snjóflóð féll yfir veginn uppá Kleifaheiði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Patreksfjörður suð austanverður	3.2.2015	52595	S/1.5		Snjóflóð féll á Örlygshafnarveg við Vatnsdalsskriður.
Raknadalshlíð	22/23.2.2015	52637	S/1	-/5/-	Tvo lítil flóð féllu á Raknadalshlíð sem fóru yfir veg og lokuðu honum.
Patreksfjörður suð austanverður	25–27.2.2015	52664	F/2.5		Mörg flóð og myndarleg í Skápadal.
Raknadalshlíð	25/26.2.2015	52641	F/2.5		Snjóflóð féll á Raknadalshlíð að veginum en lokaði honum ekki.
Flöskuhlíð	28.2.2015	52668	F/2	-/150/-	Nokkrar spýjur á Flöskuhlíð.
Raknadalshlíð	4.3.2015	52683	Fv/2		Nokkur flóð á Raknadalshlíð sem lokuðu veginum.
Raknadalshlíð	10.3.2015	52722	F/2		Mörg lítil flóð féllu á Raknadalshlíð og nokkur yfir veginn þannig að hann lokaðist. Mest við Stapana.
Patreksfjörður suð austanverður	13/14.3.2015	52763	Fv/2.5		Stórt snjóflóð féll í Skápadalsbotni. Brotstálið náði um alla kletta.
Ósafjörður	13/14.3.2015	52750	Fv/2		Mörg lítil snjóflóð féllu á Skápadalshlíð.
Raknadalshlíð	13/14.3.2015	52749	Fv/1.5		Nokkur smáflóð féllu á Raknadalshlíð niður að vegi en ekkert þeirra náði útá hann.
Patreksfjörður suð austanverður	14.3.2015	52748	Fv/3	-/300/-	Stórt flóð í Skápadal.
Tálknafjörður					
Geitárhorn	14.1.2015	52515	F/2.5	-/15/2	Um 30 m breið og 2 m þykk flóðtunga úr Geitárhorni. Flóðið stöðvaðist í um 70 m hæð y.s. og um 40 m ofan við vatnstankinn.
Undir Boga	26.2.2015	52644	F/1.5		Nokkrar spýjur féllu undir Boga við Tálknafjörð.
Tungufell	26.2.2015	52643	F/1.5		Spýja féll í Tungufelli við Tálknafjörð.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Geitárhorn	7/8.3.2015	52709	F/1.5		Lítið flóð úr Geitárhorni.
Geitárhorn	10.3.2015	52723	Fv/2.5	-/40/1.5	Snjóflóð féll úr Geitárhorni í Tálknafirði. Flóðið var vott og hefur farið hægt yfir en nær óvenju langt.
Tálknafjörður, utan þéttbýlis					
Tálknafjörður, austan þéttbýlis	19/20.1.2015	52550	F/3	-/350/1	Um 400 m breitt snjóflóð féll í austanverðum Húsadal. Kunnugir segja þetta ekki einsdæmi.
Dýrafjörður					
Hrafnseyrarheiði, Dýrafjarðarmegin	2.12.2014	52440	F/2		Annað af tveimur flóðum sem féllu á veginn um Hrafnseyrarheiði þegar snjómoksturstæki var að vinna sig í gegnum skaf á veginum.
Hrafnseyrarheiði, Dýrafjarðarmegin	2.12.2014	52439	F/2		Annað af tveimur flóðum sem féllu á veginn um Hrafnseyrarheiði þegar snjómoksturstæki var að vinna sig í gegnum skaf á veginum.
Gemlufell	9/10.12.2014	52461	F/2		Snjóflóð féll úr hlíðinni fyrir utan bæinn Fremstu-hús.
Hjarðardalsgil	9/10.12.2014	52455	F/3		Snjóflóð féll úr Hjarðardalsgili og yfir veg þannig að hann lokaðist.
Gemlufell	10.12.2014	52451	F/2	-/50/0.4 ^v	Snjóflóð féll á veginn um Gemlufell en lokaði honum ekki.
Glórugil	19.1.2015	52543	F/2.5	-/160/-	Snjóflóð féll rétt utan við Glórugil og stoppaði við girðingarhorn.
Hjarðardalshlíð	19.1.2015	52546	F/2	-/320/0.6	Snjóflóð féll í Hjarðardalshlíð.
Hjarðardalshlíð	24/25.2.2015	52660	F/2		Snjóflóð féll í Hjarðardalshlíð sem stöðvaðist um 60 m ofan við girðingu við Fremstu-hús.
Breiðhilla	25/26.2.2015	53231	F/3	-/-/1.8 ^v	Stórt snjóflóð féll í Breiðhilla og yfir veginn og lokaði honum. Flóðið var um 1,8 m þykkt á veginum.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Öndarfjörður					
Breiðadalstígi	10.12.2014	52454	F/3	-/100 ^v /-	Stórt flóð yfir veginn við Hvilftarströnd. Bíll festist í flóðinum og þurfti ökumaður aðstoð við að losa bílinn.
Bjarnadalur vestanverður	10/11.12.2014	52463	F/2.5	-/100 ^v /1.5 ^v	Snjóflóð kom niður Leitishrygg, yfir veginn í Bjarnardal og lokaði honum.
Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból	10/11.12.2014	52460	F/1.5		Snjóflóð féll í Selabólshlíð sem staðnæmdist um 25 m fyrir ofan veg.
Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból	11.12.2014	52459	F/2		Snjóflóð féll í Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból.
Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból	26/27.12.2014	52492	F/1		Litil spýja féll á Selabólshlíð.
Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból	4/5.1.2015	52502	L/1	-/-/0.2	Spýja féll í Selabólshlíð á Hvilftarströnd.
Breiðadalur sunnanverður	4/5.1.2015	52501	L/2	-/50/0.4	Tvö lausasnjóflóð féllu í Breiðadal. Annað úr Litlaskarði og hitt úr Ólafsskarði.
Selabólsturð, undir Urðarskál	14.1.2015	52514	F/3.5	-/250/1.2	Stórt flóð féll yfir veginn á Hvilftarströnd og endaði úti sjó. Flóðið var um 250 m breitt og 1,2 m þykkt.
Selabólsturð, undir Urðarskál	16.1.2015	52521	F/2.5		Snjóflóð féll á Hvilftarströnd og lokaði veginum.
Þorfinnur	19.1.2015	52540	F/2		Snjóflóð féll úr Þorfinni og fór yfir veginn út í Valþjófsdal. Flóðið lokaði veginum.
Öndarfjörður	5.2.2015	52605	S/2		Snjóflóð féll úr Þorfinni.
Þorfinnur	6.2.2015	52620	S/1.5		Fjögur snjóflóð sem náðu vel niður úr giljum í Þorfinni og langleiðina niður að vegi.
Þorfinnur	8.2.2015	52621	S/1.5		Tvö lrtil snjóflóð féllu úr Þorfinni.
Breiðadalur	25/26.2.2015	52648	F/2		Snjóflóð féll yfir veg í Breiðdal.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Tannaneshlíð	26/27.2.2015	52672	F/2.5		Snjóflóð féll á Tannaneshlíð í Önundarfirði.
Ófæruhlíð	26/27.2.2015	52670	F/1.5		Snjóflóð féll á veginn í Ófæruhlíð og lokaði honum.
Þorfinnur	26/27.2.2015	52653	F/1.5		Lítið snjóflóð féll fyrir ofan Þorfinnsstaði.
Ingjaldssandur austanverður	26/27.2.2015	52692	F/2.5		Snjóflóð féll innst í Brekkudal skammt frá Ingjaldssandsvegi og braut háspennulínu.
Bjarnadalur austanverður	27/28.2.2015	52673	F/1.5		Lítið flóð í austanverðum Bjarnadal.
Flateyri					
Þriðja gil utan Ytra-Bæjargils	31/1.11.2014	52431	Fv/1.5		Fimm spýjur úr giljum fyrir utan Bæjargil.
Innra-Bæjargil	31/1.11.2014	52430	Fv/2.5	-/60/-	Vott flekafloð í Innra-Bæjargili.
Skollahvilft	31/1.11.2014	52429	Fv/2	-/20/-	Vott flekafloð úr Skollahvilft.
Skollahvilft	10.12.2014	52453	F/3		Nokkuð stórt flóð úr Skollahvilft sem lenti á varnargarðinum og fór yfir veg. Flóðið kom ágætlega fram á radar sem er á varnargarðinum.
Annað gil utan Ytra-Bæjargils	26/27.12.2014	52493	F/1		Litil spýja féll í gili utan við Ytra-Bæjargil.
Miðhryggsgil	1.1-16.1.2015	52545	F/2		Ummerki sáust um gamalt flóð úr Miðhryggsgili.
Litlahryggsgil	18/19.1.2015	52544	Fv/1.5	-/70/0.35	Lítið snjóflóð féll í Litlahryggsgili.
Ytra-Bæjargil	8.2.2015	52622	S/1.5		Spýjur féllu í Ytra-Bæjargili og Vota-Hvammsgili.
Ytra-Bæjargil	27.2.2015	52659	F/3.5	-/260/-	Stórt flóð, um 260 m breitt í Ytra-Bæjargili sem endaði út í sjó. Flóðið braut rafmagnsstaur. Rafmagn fór af Flateyri og Hvilftarströnd um tíma.
Ytra-Bæjargil	29/30.3.2015	52796	F/2	-/70/-	Snjóflóð féll í Ytra-Bæjargili.
Súgandafjörður					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Súgandafjörður sunnanverður	25/26.2.2015	53244	F/2		A.m.k. 5 flóð féllu yfir veg í Spillinum utan Suðureyrar og lokuðu honum.
Súgandafjörður norðanverður	25/26.2.2015	53243	F/1.5		Nokkur flekaflóð féllu ofarlega í hlíðum í norðanverðum Súgandafirði.
Súgandafjörður norðanverður	13/14.3.2015	52757	F/1.5	-/50/0.6	Lítið snjóflóð féll rétt fyrir innan Gilsbrekku í norðanverðum Súgandafirði.
Súgandafjörður sunnanverður	13/14.3.2015	52759	F/2	-/60/0.6	Snjóflóð féll í sunnanverðum Súgandafirði.
Súgandafjörður sunnanverður	13/14.3.2015	52758	F/1	-/6/0.4	Spýja féll í sunnanverðum Súgandafirði.
Súgandafjörður norðanverður	8/9.6.2015	52962	Lv/1		Lítið vott lausaflóð í Kistufelli í Súgandafirði.
Súgandafjörður norðanverður	11.6.2015	52964	Lv/1		Lítið lausaflóð féll undan skíðamanni ofarlega í Kistufelli í Botnsdal.
Bolungarvík					
Traðargil	27/28.1.2015	52576	Fv/1.5		Lítið vott flekaflóð féll í Traðargili.
Innrágil	27/28.1.2015	52577	Fv/1		Sólbráðarspýja féll í Innrágili.
Bolungarvík, utan þéttbýlis					
Gil ofan Orkubús	15.1.2015	52534	F/1.5		Lítið flóð úr gilinu ofan Orkubús sem stöðvaðist neðst í brattanum.
Gil innan Hesthúsagils	16/17.1.2015	52535	F/1.5		Lítið flóð úr neðstu klettum sem stöðvaðist neðst í bratta.
Ósgil (Bæjargil við Ós)	27/28.1.2015	52578	Fv/1.5		Lítið vott flekaflóð féll neðarlega í Ósgili.
Tyrkjagil	28.1.2015	52581	Fv/1		Spýja féll í Tyrkjagili.
Gil innan Hesthúsagils	28.1.2015	52580	Fv/1		Spýja féll í Erni.
Syðridalur	8/9.3.2015	52708	F/1.5		Flekaflóð féll í Syðridal. Flóðið fór stutta vegalengd en var breitt og nokkuð þykkt.
Grjótskál	13/14.3.2015	53271	F/2.5		Snjóflóð með myndarlegt brotstál féll í Grjótskál.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Tungudalur	13/14.3.2015	53270	S/1		Spýja féll í Tungudal.
Leynigil	14.3.2015	53268	S/1.5		Spýja féll í Leynigili.
Gilshjalli	14.3.2015	52808	F/2		Snjóflóð féll í Gilshjalla með nokkuð þykkt brotstál.
Hádegisfjall - gil nr.4	3.4.2015	52807	Fv/1		Spýja féll í Hádegisfjalli í gili nr. 4.
Hádegisfjall - gil nr.1	3.4.2015	52805	Fv/1		Spýja féll í Hádegisfjalli í gili 1.
Mæðarhvilft	13.5.2015	52904	Lv/1.5		Vott lausafloð í Mæðarhvilft.
Hnífsdalur					
Traðargil	21/22.12.2014	52483	F/1.5	-/50/20	Lítið flóð féll í Traðargili.
Búðargil	28/29.1.2015	52586	L/1.5	-/20/-	Lítið snjóflóð féll í Búðargili við Hnífsdal.
Traðargil	28/29.1.2015	52587	L/2		Snjóflóð féll í Traðargili við Hnífsdal.
Bakkahyrna	14.2.2015	52628	S/1		Smáspýjur féllu úr hverju gili í Bakkahyrnu.
Traðargil	14.2.2015	52579	Fv/1.5		Lítill spýja féll í Traðargili.
Búðargil	14.2.2015	53156	Fv/1		Spýja féll í Búðargili.
Traðargil	4/5.3.2015	52699	L/1.5	-/20/0.5	Snjóflóð féll í Traðargili.
Búðargil	4/5.3.2015	52698	L/2.5	-/80/0.5	Snjóflóð féll Búðargili.
Bakkaskriðugil	13.3.2015	52735	L/1		Lítill spýja féll í Bakkaskriðugili.
Búðargil	13.3.2015	52741	Lv/1		Spýja féll í Búðargili.
Langahryggsgil	13.3.2015	52739	Fv/1.5		Lítið flóð féll í Langahryggsgili.
Bakkahyrna	14.3.2015	52744	F/2	-/50/-	Flekafloð féll í Bakkahyrnu fyrir ofan byggð í Hnífsdal. Flóðið stoppaði vel fyrir ofan byggðina.
Ísafjörður					
Innan flugstöðvar	21/22.12.2014	52484	F/1	-/40/-	Þrjár spýjur féllu í giljum frá flugstöð inn að Kirkjubæ.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Grænagarðsgil	4/5.1.2015	52508	F/1	-/20/0.2	Spýja féll í Grænagarðsgili í Seljalandshlíð.
Karlsárgil	4/5.1.2015	52507	L/1.5	-/20/-	Snjófloð féll í Karlsárgili á Seljalandshlíð.
Seljalandshlíð - innri	4/5.1.2015	52506	L/1	-/20/0.1	Tvær spýjur féllu á Innri-Seljalandshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	4/5.1.2015	52505	L/1		Spýjur úr mörgum giljum fyrir utan Naustahvílft.
Innri-Kirkjubólshlíð	4/5.1.2015	52504	L/1.5		Spýjur úr mörgum giljum fyrir innan Naustahvílft.
Fossahlíð	4/5.1.2015	52503	L/1.5	-/15/-	Átta lausasnjófloð féllu úr nánast öllum giljum í Fossahlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	15.1.2015	52517	F/2	-/35 ^v /0.4 ^v	Snjófloð féll á veginn um Ytri-Kirkjubólshlíð og lokaði honum. Flóðið var 40 cm þykkt og 30–40 m breitt í vegkanti.
Eyrarhlíð 12	16.1.2015	52528	F/2.5	-/40/1	Snjófloð féll á Eyrarhlíð í farvegi 12. Flóðið fór úta veginn og var um 1 m þykkt við efri kant og lokaði honum.
Stakkaneshryggur	18.1.2015	52538	F/2.5	670/60/0.6	Nokkuð þykkur fleki brotnaði undan skíðamönnum efst í gílinu ofan við Stakkaneshrygg. Einn barst með flóðinu og slasaðist.
Funi	18/19.1.2015	52547	Fv/1	-/20/0.2	Lítið snjófloð féll ofan við Funa.
Ofan flugstöðvar	22.1.2015	52555	F/2		Snjófloð féll á Kirkjubólshlíð, ofan við flugstöðina.
Ytri-Kirkjubólshlíð	22.1.2015	52562	F/1		Nokkur spýjur féllu úr giljum fyrir utan Naustahvílft.
Ytri-Kirkjubólshlíð	28/29.1.2015	52573	L/2	-/90/0.7	Vott lausasnjófloð féll á Ytri-Kirkjubólshlíð.
Innri-Kirkjubólshlíð	28/29.1.2015	52575	L/1		Margar spýjur féllu úr giljum á Innri- og Ytri-Kirkjubólshlíð. Sumar stöðvuðust í 50 m Hæð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	28/29.1.2015	52574	L/1.5	-/20/0.4	Snjófloð féll á Ytri-Kirkjubólshlíð og náði niður í skurð fyrir ofan veginn.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ytri-Kirkjubólshlíð	3/4.2.2015	52598	Fv/1		Tvær þunnar spýjur féllu á Ytri-Kirkjubólshlíð og náðu rétt út úr gilkjöftum.
Ytri-Kirkjubólshlíð	6/7.2.2015	52609	F/1.5		Lítið snjóflóð féll á Ytri-Kirkjubólshlíð.
Kirkjuból	6/7.2.2015	52608	F/1		Spýja féll á Innri-Kirkjubólshlíð.
Kubbi, Brattahlíð	6/7.2.2015	52607	L/1		Lítill spýja féll í Kubba.
Ytri-Kirkjubólshlíð	7/8.2.2015	52611	Fv/1.5		Lítið snjóflóð féll á Ytri-Kirkjubólshlíð.
Eyrarhlíð	14.2.2015	52629	Lv/1		Mörg lítil yfirborðsflóð féllu á Eyrarhlíð og í Kubba.
Ytri-Kirkjubólshlíð	14.2.2015	52630	Lv/1.5		Lítill yfirborðsflóð féllu ofan við veginn um Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	17/18.2.2015	52634	L/1		Þunn spýja féll á Ytri-Kirkjubólshlíð sem fór rétt út úr gilkjaftri.
Eyrarhlíð	18/19.2.2015	52635	L/1.5	-/10/-	Smáflóð á Eyrarhlíð sem náði niður í skurð fyrir ofan veg.
Innan Gullhólsgilis	25/26.2.2015	52679	F/1.5		Snjóflóð féll innan við Gullhólsgil í Seljalandsdal.
Innan Gullhólsgilis	25/26.2.2015	52678	F/2	-/150/-	Snjóflóð féll innan við Gullhólsgil í Seljalandsdal.
Þverhlíð	5.3.2015	53246	F/1		Lítið snjóflóð féll úr hlíðinni fyrir ofan gangamunnann í Tungudal.
